

Tvímánuður



Harpa



9 783981 821673

Skerpla



Hvammshlíðardagatal

Nýjar myndir,
gamlar myndir,
pælingar &
fróðleikur
úr fjöllunum

Þorri





2026

Isländischer Kalender &
alte Zeitrechnung isl. – dt.

Þetta gat er ætlað til þess að hengja dagatalið þannig upp (nota pappann með!) að aukasíðurnar sjást fyrir ofan hverja mánaðarsíðu.

Kæru notendur.

Í morgun kláraði ég stóra andlitsmyndasafnið – sem er alltaf síðasta skrefið áður en dagatalið fer í prentun, burtséð frá inngangsorðunum. Aldrei að vita, kannski birtist óvænt einhver hérna heima sem ég náði enn ekki góðri nýrri mynd af. Sérstaklega lömbin; ég á auðvitað unglambamyndir af þeim öllum, en eftir að þau fara á fjall, hitti ég þau oft ekki fram á haust og það dugar ekki að sjá þau í gegnum kíki!

Þegar ég fór í gegnum nöfnin, fann ég hversu mikið ég saknaði tveggja lamba sem voru mér sérstaklega kær í vor, en komu aldrei heim frá því í lok júní: Vins og Morgunsólar. Þau voru með mæðrum sínum oftast á svipuðum stað á fjallinu, auðvelt að fylgjast með þeim í sjónauka, en aldrei hittumst við. Mikið væri gaman að knúsast núna!

Og viti menn! Þegar við hundarnir komum heim úr göngutúr rétt áðan, voru þau allt í einu mætt! Þvílíkur fagnaðarfundur! Glænýja myndin af Vini þegar hann kemur hlaupandi til að fá knús segir allt sem þarf ... Morgunsól, kurteisa unga daman, þefaði fyrst til að fullvissa sig, en eftir það naut hún samverunnar alveg eins og hann – og ég. Ekki síst gaman að sjá að þau eru bæði óvenju stór, gullfalleg og ullarmikil! Lífið er ljúft!

Þessi lömb eru Jónatansbörn Steinríkssonar. Hamingja og Sólrún, mæðurnar þeirra báru aldrei áður þrátt fyrir að vera til ára komnar, þær voru ullarær og áttu heldur ekki að bera í vor. En Jónatan tók ekki tillit til þess og við fósturtalningu kom í ljós að þær væru báðar með lamb! Burðurinn gekk samt vonum framar hjá báðum (með aðstoð og þolinmæði, en annars bara vel). Og lömbin reyndust ekki bara skrautleg, heldur með framúrskarandi skemmtilegt geðslag ... Þá ákvað ég að setja þau á þrátt fyrir að vera með villigerð (þ.e. ekki með sérstaka mótstöðu gegn riðu), því smithættan í Hvammshlíð er sem betur fer mjög lítil. Nöfnin þeirra segja sína sögu, og með "grænum" maka (hvað arfgerð varðar) búa þau vonandi til skrautleg lömb með bæði riðumótstöðu og frábært geðslag, í stuttu máli "draumalömb"!

Þessi saga er táknræn. Það er stundum gott að við ræðum ekki öllu, annars hefði sumt aldrei gerst, sem seinna reynist örlagaríkt!

Nokkur smáatriði um dagatalið. Að þessu sinni sleppti ég öllum upplýsingum sem koma líka fram í svart-hvíta viðaukanum (hvenær viðkomandi "gamli" mánuður byrjar og endar), þær tóku núna of mikið pláss. Svo langar mig að benda sérstaklega á Bjarneyjarskífuna, reiknískífu til að finna út ýmsa fæðingardaga – og tímasetningu sumar-/vetrarvikna. Bráðabirgðaútgáfa finnst hér til að klippa út, en sérprentuð útgáfa skífunnar er væntanleg í nóvember.

Í lokin vil ég vitna í **Jón í Gautsdal (1924–2019),** sem margir ættu að kannast við:

"Það er númer eitt að hlífa öllum náttúruundrum.
Meiri helvítis helvítis djöfulsins vitleysan, að vera að leggja allt þetta land undir virkjun og stíflur og lón – til að selja erlendum fyrirtækjum ódýrt rafmagn!"*

Hvað myndi hann þá segja um vindorkugarða sem rústa ósnortinni fegurð landsins þótt þeir séu 100 km í burtu og drepa fugla í stórum stíl! – Rafmagnsskortur? Nei. Þessi erlendu fyrirtæki **eyða 80% alls rafmagns** þótt Ísland framleiði **meira rafmagn á hvern íbúa en nokkuð annað land.**

Samt – eða einmitt vegna þess: Góða skemmtun við áttunda dagatalið!

Hvammshlíð, á mánudaginn í 23. viku sumars 2025 *Karólína Elísabetardóttir*

Gott að vita: Á aðalsíðunni er hver og ein mynd raunverulega tekin í mánuðinum þar sem hún birtist og ég tók allar myndir sjálf eins og áður, nema annað komi fram. Ég nota dagsetninguna í "nýja stíl" síðan 1700.

14.	byrjun 14. viku á nútímamáli	(1. vika í byrjun janúar)
14.	byrjun 14. viku vetrar	
14.	byrjun 14. viku sumars	
Harpa	sumarmánuður	
Ýlir	vetrarmánuður	
●	nýtt tungl	☽ fyrsta kvartil
○	fullt tungl	☾ síðasta kvartil
mán	venjulegur virkur dagur	
Lau/sun	helgi	
mán	"rauður dagur" (almennur frídagur)	
Kertasníkir	nafn jólasveins sem kemur þann dag	

**í bókinni "Íslendingar" eftir Unni Jökulsdóttur og Sigurgeir Sigurjónsson, 2004.*


Morgunsól


Vinur


Vinur


Morgunsól




Bleikur


Ófeigur


Eitill

Dieses Loch ist dazu gedacht, den Kalender mithilfe des Lochs aufzuhängen (Rückpappe nutzen!) und damit die "Zusatzseiten" immer oberhalb der jeweiligen Kalenderseite zu sehen.

Liebe Nutzerinnen & Nutzer,

links seht Ihr zwei meiner besonderen Freunde, die ich den ganzen Sommer nicht getroffen habe – aber genau heute, wo der Kalender druckfertig werden muss, kamen sie nach Hause: welche Freude! Natürlich werden sie daher Hauptmotiv der Vorwortseite. Und nun viel Spaß!

Hvammshlíð, am Montag in der 23. Sommerwoche 2025 *Karólína Elísabetardóttir*

***Hinweise:** Jedes einzelne Bild wurde wirklich in dem Monat aufgenommen, auf dessen Blatt es erscheint, und ich habe wie bisher alles selbst fotografiert, sofern nicht anders erwähnt. Der Kalender bietet Kalenderwochen, Mondphasen und (isländische) Feiertage. Die deutschen Feiertage lassen sich daraus leicht ableiten. Zudem enthält er die alten isländischen Monate und die Zählung der Sommer- und Winterwochen samt weiterer wichtiger Tage. Oberhalb jedes Kalenderblattes (lochen und komplett aufklappen, s. Hinweis ganz oben!) befindet sich die Extraseite.*

14.	*14. Kalenderwoche (Beginn)*	sun	*sunnudagur = So*
14.	*14. Winterwoche (Beginn)*	mán	*mánudagur = Mo*
14.	*14. Sommerwoche (Beginn)*	þri	*þriðjudagur, 3. Tag = Di*
Harpa	*Sommermonat*	mið	*miðvikudagur, "Mittwochentag" = Mi*
Ýlir	*Wintermonat*	fim	*fimmtudagur, 5. Tag = Do*
●	*Neumond*	fös	*föstudagur, "Fastentag" = Fr*
☽	*Halbmond, zunehmend*	lau	*laugardagur, "Waschtag" = Sa*
○	*Vollmond*		
☾	*Halbmond, abnehmend*		
mán	*normaler Werktag*		
Lau/sun	*Wochenende*		
mán	*Feiertag (in dem Fall Mo)*		
Kertasníkir	*Name des Weihnachtsmanns, der an diesem Tag kommt*		

Hvammshlíð – uppfærðar myndir!

Neue Bilder! Enn ein hópmynd af okkur Baug, Kappa og Ljúf!


Mynd/*Foto: Amy Schneider*

Hjörðin stækkaði enn meira – framhaldið finnst á næstu tveimur blaðsíðum!

Die (Schaf-)Herde ist noch mehr gewachsen. Forts. s. Folgeseiten!


Gústa


Tilda


Lína


Drottning


Loki


Sólrún


Silfri


Hildur


Grámóri


Sproti


Mías


Fríða


Fálki


Verðandi


Vildís


Freyr


Lúsía


Hamingja


Snorri


Ugla


Heiðrún


Garún


Magga


Seli


Ásta


Elsa


Fjóla


Gutti


Auður


Kóngur


Funi


Flóki


Ingvi


Bláklukka


Sóley


Engjarós


Víðir


Teitur frá Sveinsst.


Björk frá Reykjum


Hanna frá Gróustöðum


Snærún


Snærós


Jökla

Lísa frá St.-Hámundarst.

Þerna frá Þernunesi

Rebekka

Fannar-Flekka frá Skjaldfönn

Þór

Bjarneyjarskífan: fjölnota-reikniskífa

Sameiningarkosningar hafa stundum skemmtilegar afleiðingar. Ég hitti Bjarneyju Jónsdóttur á Tjörn haustið 2023 á kjörstaðnum, einhvern veginn kom dagatalið upp í umræðunni og hún sagði mér frá "svangerskabskalender" í skífuformi sem hún bætti með límmiðum: Tilgangurinn var að sjá einnig fæðingadaga lamba, kálfa og folalda. Hún lagði til að birta slíkt í Hvammshlíðardagatalinu. Mér fannst það alveg frábær hugmynd og fór í haust loksins í málin. Smám saman datt mér meira og meira í hug sem gæti verið til gagns og þetta er útkoman. Hún skýrir sig að mestu út sjálf. **Mikilvægt:**

Talan og rauða línan merkja **meðaltalið** í hvert skipti.

Ef **hlaupárs-febrúar** er innifalinn í meðgöngu, er útkoman "fæðingardagur mínus 1".

Sérprentuð eintök

Skífan verður einnig fáanleg sem stakt eintak úr lamíneruðum pappa, samansett og tilbúið til notkunar – þvermál 20 sm í staðinn fyrir 13 sm hér. Upplýsingar um pöntun, verð o.s.frv. á næstu blaðsíðunni! ☞

Svona virkar þetta:

Þú klippir báðar skífur vandlega út.

Þú gerir gat í miðju hvorra þeirra.

Þú setur litlu skífuna ofan á þessa skífu hér, hún er nákvæmlega eins stór og hvíti reiturinn.

Þú setur stutta skrúfu í gegn og ró – eða klemmu eins og þessi t.v.:

Ath: Skífan getur verið aðeins ónákvæm, ef gatið og skrúfan passa ekki nákvæmlega saman. Líka er gott að líma skífurnar á pappaspjald.
Prufudæmi: fangdagur = 18. des. -> fæðingardagur lambs = 10. maí (143 dagar)

Öruggast er að panta tilbúna skífu.

Fæðingardagar - og sumar-/vetrarvikur!

Bjarneyjarskífan leyfir þér að "reikna" út **fæðingardaga:** hvolpa, kettlinga, lamba, kiðlinga, kálfa, barna og folalda. Til þess snýrð þú litlu skífuna þannig að örin bendir á fangdaginn. Hitt skýrir sig sjálft.

Ef þú ert grúskari og lest gamlar bækur, getur þú notað skífuna einnig til að finna út hvenær ákveðnar **sumar- eða vetrarvikur** bera upp á:
1. til dæmis "21. vika sumars" (eða 13. eða 22. ...) eða
2. "12. vika vetrar" (eða 7. eða 19. ...)

Til þess snýrð þú litlu skífuna þannig að örin bendir

1. á sumardaginn fyrsta á viðkomandi ári (hann ber ávallt upp á fyrsta fimmtudag eftir 18. apríl – ef þú þarft ekki að hafa það nákvæmt upp á dag, notar þú 22. apríl)
2. á fyrsta vetrardag á viðkomandi ári (hann er á laugardegi á tímabilinu 21. til 27. október – fyrir 1900 á föstudegi; til bráðabirgða getur þú notað 24. október)

Þá merkja tölurnar 1 til 26 á litlu skífunni **lokadag viðkomandi sumar- eða vetrarviku** (ólíkt dagatalstöflunum, ekki upphafsdaginn!).

Mögulega verður hægt að nota skífuna einnig til að finna upphafsdaga gömlu mánaðanna. En þar sem undantekningar eru margar, þarf ég að athuga það betur. Ef þetta virkar, mun sérprentaða skífan bjóða upp á þennan valkost.

"Kötturinn níu, tíkin tíu*, tuttugu ærin,
fjörutíu konan, kýrin,
kapallinn dregur lengstan vírinn."

*Raunverulegi meðgöngutíminn tíka er oft óljós því sæðisfrumur geta lifað óvenjulega lengi áður en frjóvgun á sér stað.

Panta tilbúna skífu:
lina@ridaneitakk.net eða
á Facebook-messenger

Leiðbeiningarmyndbönd um **sauðburðarhjálp**
(líka fyrir þaulvana bændur!)**:**
tinyurl.com/saudburdarhjalp

Allar helstu upplýsingar um riðu,
þolrækt, arfgerðir, sala & kaup, rannsóknir o.m.fl.:
riduvarnir.is
eða
ridaneitakk.net
(sama heimasíðan)

Bækur o.fl. um alls konar **fróðleik fyrir bændur** og aðra áhugasama:
forvitni.is

Þessi skífa – gamla tímatalið:
Gömlu mánuðirnir byrja á sveigjanlegum dagsetningum. Upphafsstafur mánaðarheitisins merkir u.þ.b. fyrsta mögulegan upphafsdag viðkomandi mánaðarins.

Panta tilbúna skífu

fáanleg í byrjun nóvember 2025

Verð: 1.000 kr + vsk.

3 stk eða fleiri: 890 kr/stk. + vsk.

Sendingarkostnaður ef pantað er beint hjá mér (lina@ridaneitakk.net eða FB-messenger): 700 kr óháð fjölda

Sölustaðir: Líf land á Blönduósi, Skagfirðingabúðin á Sauðárkróki, Búgarður (Óseyri 2) á Akureyri, Gallerí Alþýðulist í Varmahlíð, Gallerí Rúnalist á Stórhól (Skag.), KM-búðin í Búðardal, Kaupfélag Borgfirðinga í Borgarnesi og Fóðurblandan á Selfossi og Hvolsvelli.

Rechenscheibe für Geburts-Tage u.m.

Mit dieser ausschneidbaren Rechenscheibe ist es einfach, die Geburtstermine von Welpen, Katzenjungen, Lämmern, Zicklein, Kälbern, Kindern und Fohlen zu bestimmen. Dazu stellt man den schwarzen Pfeil auf den Empfängnistermin und kann dann entsprechend ablesen.

Jedoch ist es besser, von einer "Terminspanne" zu sprechen, da es zeitlichen Spielraum gibt – bei Fohlen ist er am größten. Die Zahl mit roter Linie bezeichnet den Durchschnitt (nicht bezogen auf die Spanne, sondern auf die Gesamtheit der geborenen Individuen). Wichtig hierbei: ***Die Scheibe ist nur begrenzt in anderen Ländern nutzbar, da es Unterschiede zwischen den Rassen gibt.***

Zusätzlich kann man die Scheibe verwenden, um die Lage der Sommer- und Winterwochen zu bestimmen. In älteren Texten werden Termine oft mit Formulierungen wie "in der 12. Sommerwoche" oder "in der 7. Winterwoche" umschrieben. Wenn man den schwarzen Pfeil auf das Datum des 1. Sommertages des jeweiligen Jahres einstellt, sieht man jeweils die Endtermine der Sommerwochen (also bei der Zahl 3 endet die 3. Sommerwoche – anders als in den Kalendertabellen, wo immer der erste Tag der jeweiligen Sommerwoche markiert ist). Der 1. Sommertag ist der Donnerstag nach dem 18. April (siehe auch die Beilage); falls es nicht auf einige Tage ankommt, nimmt man den 22. April für eine Annäherung. Auf dieselbe Weise lassen sich die Winterwochen bestimmen.

Die Scheibe kann in einer größeren, stabileren und komplett gefertigten Ausführung auch einzeln erworben werden (Mail an info@verlag-alpha-umi.de).


Drífa


Birta


Fífa


Heiðar


Svanur


Rós


Steinunn


Jónatan


Hneta


Hjörtur


Moli


Krumma


Lára Björg


Erna frá St.-Hámundarst.


Töfa frá Bjarnast.


Brynja frá Gróust.


Plóma


Náttfari


Vinur


Tígull


Prins


Morgunsól


Jónas


Jónína


Krummi


Litla-Rebekka


Dagrún


Garpur


Máni


Sunna


Úlfur

Hér vantar kaupalömbin. Þau verða með í næsta dagatalinu!

Hier fehlen die zugekauften Lämmer. Sie erscheinen dann im nächsten Kalender!

Janúar

Mörsugur

Þorri





Kappi "sleða-hundurinn"! *Kappi, der Schlitten-Hund!*

"Það var bíðröð í gær –
átta sauðir og en ær!"
Sproti, Sllfri, Víðir, Gutti, Funi, Grámóri, Fálki, Þór og Snærún.
Warteschlange – acht Hammel und eine Aue!





Fim	1	*1. Nýársdagur*
Fös	2	
Lau	***3***	*11.* ○
Sun	***4***	
Mán	5	2.
Þri	6	Þrettándinn
Mið	7	
Fim	8	
Fös	9	
Lau	***10***	*12.* ☾
Sun	***11***	
Mán	12	3.
Þri	13	
Mið	14	
Fim	15	
Fös	16	
Lau	***17***	*13.*
Sun	***18***	●
Mán	19	4.
Þri	20	
Mið	21	
Fim	22	
Fös	23	Bóndadagur
Lau	***24***	*14.*
Sun	***25***	Pálsmessa
Mán	26	5. ☽
Þri	27	
Mið	28	
Fim	29	
Fös	30	
Lau	***31***	*15.*

Leiðandi riðusérfræðingar mæla skýrt með T137

Aldrei hefur fundist riðujákvæð kind með T137 (ólíkt ARR)

Hvað er riða? Hvað eru arfgerðir? Hvað er T137? Hvernig sæki ég um líflambasölu? Hvar hefur aldrei komið upp riða? Hvað þýðir RQ í Fjárvís? Svörin finnast hér:

riduvarnir.is

Haustið 2024 sendi alþjóðlega vísindamannateymið, sem hefur síðan 2021 rannsakað riðuveiki á Íslandi, frá sér formlega yfirlýsingu ("Scientific opinion"). Til þessa birtist þessi yfirlýsing eingöngu á Facebook og riduvarnir.is (og var send á þáverandi matvælaráðuneytið) – kominn tími til að birta íslensku þýðinguna hennar í fullri lengd í dagatalinu! Höfundarnir eru allir með 20 til 30 ára reynslu á riðu og eru leiðandi á heimsvísu á sínu sviði.

Fyrir hönd ScIce-rannsóknarhópsins: Christine Fast verkefnastjóri, Vincent Beringue, Juan Carlos Espinosa, Jörn Gethmann, Fiona Houston, Gesine Lühken, Romolo Nonno, John Spiropoulos, Stefania Porgeirsdóttir

Staða þekkingar um breytileikann T137

Stökkbreytingar/breytileikar í stökum núkleótíðum príonprótein-gensins (PRNP) hafa mikil áhrif á næmi fyrir riðusmiti og þróun príonstofna. Þessir breytileikar geta valdið stökum breytingum í amínósýrum í undirliggjandi svo kölluðu hýsil-tjáðu príonpróteini (PrPc), sem hefur áhrif á mögulega aflögun þess í sýkta útgáfu (PrPSc). Í sauðfé skipta aðallega stökkbreytingar máli í sætunum 136 (Alanín eða Valín), 154 (Argínín eða Histidín) og 171 (Argínín, Glútamín, Histidín), sem leiða að fimm ólíkum genasamsætum/breytileikum (ARQ, VRQ, AHQ, ARR og ARH) og í kjölfarið að 15 mismunandi arfgerðum *(Goldmann 2008)*. Niðurstöður úr faraldsfræðilegum rannsóknum og smittilraunum sýna að kindur með ARR/ARR eru sterklega, en ekki fullkomlega þolnar gegn riðusmitefni (Groschup et al., 2007). Í sauðfé er ARR [=R171] eini breytileikinn sem hefur verið notaður til þolræktar til þessa, samkvæmt ESB-reglugerðinni 999/2001 síðan 2004.

Síðan ESB-þolræktunaráætlun var innleidd, hafa hins vegar fundist fleiri breytileikar og tengjast riðuþol, meðal annars breytileikinn T137, sem er sérstaklega algengur í ítalska kyninu Sarda sheep *(Vaccari et al. 2009)*.

Samkvæmt EFSA [ESB-matvælastofnun] *(EFSA 2017)* eru eftirfarandi atriði tengd riðuónæmi ákveðins PRPN-breytileika:

- engin umbreyting í næmisprófum í tilraunaglasi,
- einstaklingar í smittilraunum í gegnum munninn smitast ekki og
- einstaklingar [smitaðir beint í heilann] eru með marktækt lengri meðgöngutíma
- og/eða minna smithlutfall en einstaklingar með villigerðina (ARQ/ARQ), og
- fáir eða engir riðujákvæðir gripir í raunveruleikanum

Í gegnum árin söfuðust **haldbær vísindaleg gögn sem sýna fram á riðuþol T137. Fyrst og fremst hefur til þessa enginn riðujákvæður gripur fundist sem bar þennan breytileika meðal yfir 3.000 raðgreindra riðujákvæðra gripa** *(Romolo Nonno, persónuleg samskipti, júlí 2024)*.

Auk þess sýndi arfgerðar-samanburðarrannsókn á mismunandi hjörðum á eina verstu riðusvæði Ítalíu fram á sterka mótstöðu AT_{137}RQ/ARQ undir raunverulegum kringumstæðum *(Vaccari et al. 2009)*. Bráðabirgðaniðurstöður á Íslandi eru í samræmi við þessar niðurstöður: Þótt tíðni breytileikans T137 er almennt lág á Íslandi, hefur hann fundist í riðuhjörðum með hátt smithlutfall, en jafnvel þar voru allir T137-gripir riðuneikvæðir. Vegna lágrar tíðni breytileikans [hér á landi] eru hins vegar frekari rannsóknir nauðsynlegar til að ná tölfræðilegri marktækni þessara áhrifa þar.

Auk þess voru **kindur með T137-genasamsætu (arf-blendnar) smitaðar bæði beint í heilann með hefðbundna sauðfjárriðu og kúariðu og einnig í gegnum munninn með hefðbundna sauðfjárriðu. Þessum kindum var logað 1550 dögum eftir að þær voru smitaðar án þess að þær þróuðu sjúkdómann [þær tóku aldrei sjúkdóminn],** sem bendir ótvírætt til þess að þær bjuggu yfir sterkri mótstöðu gagnvart smitandi príonsjúkdómum (TSE) *(Vaccari o.fl. 2007)*. Hins vegar drápust samanburðarkindur með ARQ/ARQ [villigerð] á meðaltali 462 dögum eftir að þær voru smitaðar *(Vaccari o.fl. 2007)*.

Tilraunir í **tilraunaglasi** [in vitro], sem sami rannsóknarhópurinn framkvæmdi í kjölfarið við heilabúta úr heilbrigðum kindum með T137-genasamsætu annars vegar og riðusmitefni (hefðbundna sauðfjárriðu) hins vegar sem PMCA-næmispróf , leiddi ekki til neinnar marktækrar umbreytingar. Þessar niðurstöður styðja kenninguna að **T137-PrPC aflagast/umbreytist ekki í PrPSc þrátt fyrir hámarks smitálag, sem bendir ótvírætt til ónæmishæfileika í raunheimi** [in vivo]. Sem hluti af yfirstandandi ScIce-rannsóknarverkefninu urðu til bráðabirgðaniðurstöður úr svipaðri PMCA-uppsetningu sem ótvírætt staðfestu að T137-genasamsætan dregur úr næmi fyrir riðu, en þar voru notuð 13 mismunandi íslensk riðusmitefni. Sömu niðurstöður komu í ljós þegar fleiri evrópsk riðusmitefni voru notuð (m.a. smitefni sem líktust ekki ítalska riðusmitefninu). Athyglisvert var hér að þetta fyrirbæri **sást þegar í arfblendnum samsetningum við næma breytileika (AT_{137}RQ/ARQ) og sjáanlegt ónæmi er sambærilegt við ARR/ARR eða jafnvel meira** *(Vincent Béringue, persónuleg samskipti)*.

Í þessu samhengi er rétt að geta að **þekkingin varðandi riðuþol ARR/X-arfgerða var miklu minni þegar ESB-þolræktunaráætlanir voru innleiddar 2004 en þekkingin varðandi riðuþol T137-genasamsætunnar er í dag.**

Í stuttu máli höfum við af þessum ástæðum mikla trú á að kindur með T137/X-arfgerð ættu að flokkast eins og ARR/X-arfgerðir varðandi ákveðin atriði. Þetta varðar sér í lagi sérstaka stöðu Íslands sem er ólík þeirra í ESB.

T137 með tilliti til íslenskar aðstæður

Íslandi er skipt upp í mismunandi varnarhólf á meðan í ESB hvert og eitt land er með sína útfærslu af ESB-riðureglugerðarinnar 999/2001. Þar af leiðandi eru ólíkar reglur í gildi varðandi flutning sauð- og geitfjár yfir landamærin innan ESB eða innan sama ESB-lands. Í öðru lagi er Ísland ekki undir ESB-reglugerðunum. Þess vegna getur [fyrirhugaða] nýja [riðu]reglugerðin á Íslandi farsællega tekið upp stóran hlut ESB-reglugerðarinnar, en einnig væri upplagt að aðlaga ákveðna hluti m.t.t. sérstakra krafa á Íslandi sem eru afleiðingar margra ára útrýmingaraðgerða.

Allir ESB-aðilar eru undir ESB-reglugerðinni 999/2001 sem inniheldur ennþá eingöngu ARR/ARR sem lokamarkmið þolræktunar. Fyrir ESB-aðila var þessi einblínun á einn breytileika aldrei vandamál, því **í flestum löndum voru nógu margir ARR-arfberar til til að rækta á þessum grunni á farsælan hátt, a.m.k. í flestum kynjum. Þar af leiðandi var hvorki tekið til greina að leita eftir fleiri breytileikum með svipaða varnareiginleika né að taka umræðu um upptöku fleiri verndandi breytileika.**

Hins vegar eru ARR-arfberar mjög sjaldgæfir í sumum kynjum og/eða löndum, eins og í íslensku sauðfé, eða jafnvel alls ekki til, sem er vandamál sem varðar sérstaklega kyn í útrýmingarhættu. **Hvers konar ræktunarstefna án frekari valmöguleika leiðir því til alvarlegs erfðafræðilegs "flöskuháls" í þessum tilfellum sem geta valdið glötun ákveðna eiginleika** (sem gætu skipt máli í framtíðinni). Auk þess eykur umfangsmikil notkun fárra ARR-ræktunargripa áhættu að dreifa sjaldgæfum erfðagöllum í stofninum. Einnig má búast við því að það taki lengri tíma að byggja upp riðuþolinn stofn og fleiri riðutilfelli en nauðsynleg er til lengri tíma séð, ef ræktunarstefnan einblínir eingöngu á ARR í staðinn fyrir að minnsta kosti einn annan breytileika (t.d. T137).

Hins vegar ættu valmöguleikarnir fyrir markvissa ræktun í besta falli bjóða upp á sérsniðna stefnu sem varðveitir á sama tíma bæði fjölbreytileikann og sérstaka afurðaeiginleika fyrir hvert og eitt sauðfjárkyn. **Auk þess gæti vaxandi fjölbreytileiki breytileika, sem eru notaðir til þolræktunar, verið kostur í framtíðinni með tilliti til – í dag enn óþekktrar, en ekki útilokaðrar – þróunar eða aðlögunar riðusmitefnisins. Þess vegna væri það til mikils gagns að taka T137 upp í ESB-þolræktunaráætlunina, sem er viðmið á heimsvísu.**

Þetta er eitt helsta markmið yfirstandandi [rannsóknar-]verkefnisins "Riða á Íslandi: lífandi líkan af príonsjúkdómum á heimsvísu" ("Scrapie in Iceland: a model for prion diseases worldwide (ScIce)"), fjármagnað af ICRAD-ERA-NET í samhengi við ESB-prógrammið "Horizon research and innovation" og framkvæmd af riðusérfræðingum úr sex mismunandi löndum. Á þennan hátt mun verkefnið bæta enn fleirum gögnum við þá þekkingu sem nú þegar er fyrir hendi um breytileikann T137, m.a. af fleirum nýjum riðutilfellum, en einnig af eldri tilfellum bæði á Íslandi og í ESB-löndum, gögnum úr in-vitro-tilraunum sem rannsaka T137 undir smitálagi íslenskra riðusmitefna og loks einnig gögnum úr in-vivo-tilraunum með erfðabreyttum músum sem bera T137-breytileikann og eru smitaðar með smitefni ólíkra riðustofna.

Í stuttu máli benda vísindalegu sönnunargögnin til þessa greinilega til þess, að áhættan að dreifa riðu í gegnum T137-kindur er mjög lítil, á meðan kostirnir við nýja nálgun til þolræktunar [sem inniheldur T137] eru mjög miklir.

Staða: 13.9.2024; þýðing, bláar merkingar og útskýringar: Karólína Elísabetardóttir. Þar sem hún er ekki löggiltur skjalaþýðandi, er enska útgáfan bindandi ef vafi leikur á – hún finnst á ridaneitakk.net/?s=opinion

Heimildir:

Bucalossi C, Cosseddu GM, D'Agostino C, Angelo Di Bari M, Chiappini, M, Rosone F, De Grossi L, Scavia G, Agrimi U, Nonno R, Vaccari G. Assessment of the Genetic Susceptibility of Sheep to Scrapie by Protein Misfolding Cyclic Amplification and Comparison with Experimental Scrapie Transmission Studies. J. Virol. 2011; 85: 8386–

8392 doi.org/10.1128/jvi.00241-11

EFSA. Scientific Opinion on the Genetic resistance to transmissible spongiform encephalopathies (TSE) in goats. EFSA J. 2017; 15:4962. doi.org/10.2903/j.efsa.2017.4962.

Groschup MH, Lacroux C, Buschmann A, Lühken G, Mathey J, Eiden M, Lugan S, Hoffmann C, Espinosa JC, Baron T, Torres JM, Erhardt G, Andreoletti O. Classic scrapie in sheep with the ARR/ARR prion genotype in Germany and France. Emerg Infect. Dis. 2007; 13:1201–7. Doi: 10.3201/eid1308.070077.

Vaccari G, D'Agostino C, Nonno R, Rosane F, Conte M, Di Bari MA, Chiappini B, Esposito E, De Grosi L, Giordani F, Marcon S, Morelli L, Borroni R, Agrimi U. Prion Protein Alleles showing a protective effect on susceptibility to sheep to scrapie and Bovine Spongiform Encephalopathy. J. Virol. 2007; 81, doi: 10.1128/JVI.02880-06.

Vaccari G, Scavia G, Sala M, Cosseddu GM, Chiappini B, Conte M, Esposito E, Lorenzetti R, Perfetti G, Marconi P, Scholl F, Barbaro K, Bella A, Nonno R, Agrimi U. Protective effect of the AT137RQ and ARQK176 PrP allele against classical scrapie in Sarda breed sheep. Vet Res. 2009; 40:19. doi:10.1051/vetres/2009002.

Ný gögn frá 2025 styðja yfirlýsinguna (texti: KE)

Riðusmit finnst fyrst í eitlum, löngu áður en einkenni koma fram og smitið er búið að ná heilanum. „Eitlajákvæðar" kindur smita þegar frá sér. Riðuneikvætt heilasýni segir því ekki alla sögu – og til að staðfesta riðuþol arfgerðar, er mikilvægt að riðugreina einnig eitla úr kindum með þessa arfgerð.

Flest gögn um T137 til þessa byggðu á heilasýnum, gögn úr eitlum voru frekar umfangslítil. Þess vegna voru í mars 2025 eitlar úr 73 kindum með T137 (þar af 4 arfhreinum) úr riðuhjörð á Ítalíu skoðaðir á Keldum. Allir eitlar voru riðuneikvæðir!

(Til samanburðar: ARR/ARQ smitast heldur ekki í eitlum, en í sjaldgæfum tilfellum í heilanum; ARR/VRQ, AHQ/ARQ og AHQ/AHQ hafa hins vegar fundist með riðujákvæða eitla erlendis, eins með N138/ARQ hér á landi; um C151 eru engin eitlagögn til.) (ARR = R171, AHQ = H154)

Auk þess kom T137 áfram mjög vel út í fleirum PMCA-næmisprófum með sýnum frá Austur- og Suðurlandinu.







Erna frá Stóru-Hámundarstöðum (T137!)



Náttfari Tilduson



Ljúfur nýtur útsýnis frá Hvammshlíðarfjallinu
Ljúfur genießt die Aussicht von unserem Berg aus



Ljúfur og Kappi

Febrúar

Þorri

Góa

Sun	***1***	○
Mán	2	6. Kyndilmessa
Þri	3	
Mið	4	
Fim	5	
Fös	6	
Lau	***7***	*16.*
Sun	***8***	
Mán	9	7. ☾
Þri	10	
Mið	11	
Fim	12	
Fös	13	
Lau	***14***	*17.*
Sun	***15***	
Mán	16	8. Bolludagur
Þri	17	Sprengidagur ●
Mið	18	Öskudagur
Fim	19	
Fös	20	
Lau	***21***	*18.* ***Þorraþræll***
Sun	***22***	***Konudagur***
Mán	23	9.
Þri	24	☽
Mið	25	
Fim	26	
Fös	27	
Lau	28	*19.*

Árnessýsla á korti eftir T.H.H. Knoff - 1731

Nokkrar bendingar

Alltaf gaman að skoða gömul kort – ekki síst eintak sem er nærri 300 ára gamalt, en er samt með örnefnaskrá og mælikvarða! Sérstaklega áhugavert: Mælikvarðinn sýnir þrjár mismunandi einingar, þingmannaleið (u.þ.b. 37,5 km), þýska mílu (1/5 þingmannaleið eða um 7,5 km) og viku sjávar, "íslenska sjómílu" (u.þ.b. 7,4 km). Þrátt fyrir allt taka staðkunnugir eftir því að bæirnir eru ekki alltaf rétt staðsettir miðað við hvern annan. Einmitt svæðið sem ég þekki best þar, er vitlaust teiknað – annars hefði ég líklega ekki tekið eftir því! Hér til samanburðar við hliðina á korti frá 1908:

Hier eine tolle Karte von 1731. Leider ist nicht alles richtig - siehe die Karte von 1908 rechts im Vergleich. Macht aber nichts, sie ist trotzdem ein sehr bemerkenswertes Zeitdokument (nicht zuletzt sieht man den Einfluss der dänischen Machthaber, sogar bei den Hofnamen)!







Mögnuð fjölskyldumynd! Þessi leiddu hópinn þegar hjörðin kom heim úr miðdegisbeitarferðinni:
"Ættfaðirinn" Seli Nikulásson (f. 2020)
Kóngur Sela- og Gústuson (f. 2021)
Sóley, Engjarós, Bláklukka og Víðir Kóngsbörn (f. 2022)
Og svo samhliða Kóng, alveg óskyld hinum: Hanna frá Gróustöðum (f. 2023)



Og í öfuga átt … Þær stjórna þessu alveg sjálfar!
Und in die umgekehrte Richtung … Die Schafe steuern das alles allein!

Mars

Góa

Sun	***1***	
Mán	2	10.
Þri	3	○
Mið	4	
Fim	5	
Fös	6	
Lau	***7***	***20.***
Sun	***8***	
Mán	9	11.
Þri	10	
Mið	11	☾
Fim	12	
Fös	13	
Lau	***14***	***21.***
Sun	***15***	
Mán	16	12.
Þri	17	
Mið	18	
Fim	19	●
Fös	20	Vorjafndægur
Lau	***21***	***22.***
Sun	***22***	
Mán	23	13. Góuþræll
Þri	24	Yngismannad.
Mið	25	☽
Fim	26	
Fös	27	
Lau	***28***	***23.***
Sun	***29***	***Pálmasunnud.***
Mán	30	14.
Þri	31	

Einmánuður

Jón, Guðrún Soffía, Sigríður og Björn - en sérstaklega Sigríður!



Mig vantaði myndband af hneggjandi hesti og setti þessa mynd inn á Facebook-síðuna hjá mér til að vekja athygli á fyrirspurninni minni. Mér hefur lengi þótt myndin mjög skemmtileg, hún er ekki bara óvenju skýr og "litrík", heldur segir (eins og svo oft) þónokkrar sögur ef maður tekur sér tíma til að skoða hana vel. Fyrirspurnin mín var gott tækifæri til að skyggnast aðeins um hvort einhver gæti nafngreint fólkið – sem var "auðvitað" tilfelli!

Mér fannst einhvern veginn myndin líta út fyrir að vera tekin í kringum árið 1900. Ég vissi að ljósmyndarinn var Arnór Egilsson og að myndin varð til annaðhvort á Blönduósi eða Sauðárkróki. Árnór fæddist 1856 á Holtastöðum í Langadal í Húnavatnssýslu 1856, var verslunarþjónn og ljósmyndari á Blönduósi 1880 og vertshúsi 1882–1885, ljósmyndasmiður á Hæl, Þingeyrasókn 1890, svo bóndi og ljósmyndari á Bjarnastöðum í Vatnsdal 1893–1899 og loks ljósmyndasmiður á Akureyri 1900 þar sem hann dó sama árið. Þannig að tímasetningin mín passaði.

Eftir smá stund benti Gróa Jóhannsdóttir á Hlíðarenda í Breiðdal á að myndin væri í bókinni "Hestur í lífi þjóðar" á bls. 101, mynd nr. 64. Um hana segir á bls. 112: "Lagt upp í skemmtiför" og svo fjögur nöfn.

Örugglega er ekki tilviljun að skilaboðin, sem ég fékk stuttu seinna, voru frá náfrænda Gróu: Sigursteini Bjarnasyni í Stafni, sem er sérstaklega fróður um gamla tímann og heimildarleit. Hann bætti ýmsum upplýsingum við nöfnin sem staðfestu nokkrar tilgátur sem ég var komin með. En á óvart kom að þetta fólk bjó í allt annarri sveit, nefnilega á Skarðsströnd.

Í kjölfarið ákvað ég að birta myndina hér í dagatalinu og fór sjálf að leita áfram. En byrjum á nöfnunum. Á myndinni eru f.v. (því miður gat ég ekki fundið út hver konan í glugganum er):

- Jón Andrésson (f. 1. desember 1854 á Valdasteinsstöðum í Hrútafirði, d. 27. apríl 1932, 78 ára), "óðalsbóndi" í Búðardal á Skarðsströnd samkvæmt manntali 1901 og 1910, síðast í Arney á Breiðafirði.
- Guðrún Soffía Jónsdóttir Blöndal (f. 4. júlí 1854 á Hofi á Skagaströnd, d. 31. ágúst 1923, 69 ára), kona Jóns.
- Sigríður Guðmundsdóttir (f. 13. júní 1892 á Gilsstöðum í Vatnsdal, d. 15. mars 1977).
- Lengst t.h. Björn Andrésson (f. 28. desember 1856, d. 21. maí 1915, 59 ára), sem var alla tíð vinnumaður hjá Jóni bróður sínum.

Alltaf þegar ég skoðaði myndina (sem ég hafði gert nokkrum sinnum síðan ég fann hana fyrir nokkrum árum), fannst mér litla stelpan – Sigríður – áhugaverðust, bæði tæknilega og sálfræðilega séð ef ég má orða það þannig.

Hjá henni sést vel hvernig söðull var notaður (ólíkt fullorðnum konum þar sem pilsið felur ásetuna). Sauðskinnsskórnir hennar sjást líka vel - karlarnir eru hins vegar í leðurskóm. Hún er í fínum fötum (úr vaðmáli!) og situr þarna slök og greinilega þaulvön söðlinum þrátt fyrir ungan aldur.

Svipur hestsins er í samræmi við það – reyndar eru allir hestar á myndinni slakir og líta vel út (og spurning hvort hjónin sitja systkini eða mæðgur/mæðgin?). Samt er svipur Sigríðar þannig að ég varð hugsi.

Þess vegna var spennandi að fræðast betur um hana. Þegar maður sér nöfn fólksins, grunar mann strax að hún sé fósturdóttir Jóns og Guðrúnar. Það er staðfest í manntali 1901: Hún er tökubarn, bróðurdóttir Jóns. Í minningargrein frá 1977 í Morgunblaðinu kemur meira fram, einnig í Héraðsskjalasafninu Austur-Húnavatnsýslu. Foreldrar hennar voru Guðmundur Andrésson, f. 1853, og Jónasa Þorsteinsdóttir, bústýra hans, f. 1861. Hann var húsbóndi á Kárdalstungu 1890, greinilega á Gilsstöðum 1892 þegar Sigríður fæddist, og í Þórormstungu 1930. Móðirin var tökubarn í Rófu, Staðarbakkasókn, 1870, vinnukona á Hjallalandi 1880, svo bústýra á Kárdalstungu 1890; hún dó 1894, þegar Sigríður var 2ja ára.

Jón, bróðir Guðmundar, tók hana í fóstur þrátt fyrir að vera langt í burtu. 1901 voru á heimilinu í Búðardal umfram þessi fjögur, sem sjást á myndinni, Kristján Pjetursson, fóstursonur, smali, 19 ára og Jóhanna Ágústína Bjarnadóttir, á 63. ári, niðursetningur. Búðardalur var tvíbýli og á hinu heimilinu voru hjónin Guðmundur Einarsson og María Jónsdóttir ásamt börnunum þeirra 9 (m.a. líka annarri Sigríði Guðmundsdóttur!) og fjórum hjúum, þar af einum hjónum, sem áttu einnig dóttur.

Sigríður var fermd í Skarðskirkju á Skarðsströnd á hvítasunnudag 1906. Einkunnir prests eru þessar: trúarbrögð - ágætt, lestur - ágætt, skrift - dável, reikningur - vel, hegðun - ágæt. (Ágætt er besta einkunn (9-10), dável er næst best (8-9) og vel er 6-8; læklegt neðan við 6, tornæmur 2-3. Barn var ekki fermt þar fyrir neðan.)

Hún var hjá Jóni og Guðrúni til 18 ára aldurs, fór svo í Kvennaskólann í Reykjavík, þar sem hún bjó síðan alla ævi. Hún var saumakona, í aðalstarfi við



Myndir: Árnór Egilsson (úr Héraðsskjalasafni A-Hún)

karlmannafatasaum m.a. hjá Vigfúsi Guðbrandssyni og í aukavinnu við fatageymslu í Þjóðleikhúsinu. Hún hafði mikinn áhuga á leiklist.

1967 varð hún fyrir því áfalli að húsið sem hún bjó í brann. "Hún vaknaði um nótt við að slökkviliðsmaður var kominn inn um gluggann til að sækja hana og mátti þar engu muna. Þá hafði hún verið lasin um lengri tíma og [...] henni hrakaði eftir það á þann hátt að hún varð gleymin á menn og málefni", eins og



Mynd: úr safni Bjargar Jónsdóttur

segir í minningargrein eftir Björgu Jónsdóttur, dóttur vinkonu Sigríðar. Hún dó tíu árum seinna á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, 85 ára.

Ein Bild - eine Geschichte

Vor einigen Jahren stieß ich auf ein bemerkenswertes Foto, das ich seitdem immer wieder einmal genauer anschaute. Offensichtlich um 1900 aufgenommen. Das Mädchen fiel mir stets besonders ins Auge - sowohl in technischer als auch in psychologischer Hinsicht. Ich habe großes Interesse an Einzelheiten des historischen Alltags: Wie funktionierten die einzelnen Dinge? Bei erwachsenen Frauen sieht man z. B. nicht, wie sie genau im Sattel sitzen – der lange Rock verdeckt die Einzelheiten. Beim kleinen Mädchen dagegen ist alles genau erkennbar: das "Trittbrett", deren Halterung längenverstellbar ist, die Verzierung auf dem Sattelblatt, die Schafshautschlappen ... Sie hat offensichtlich Erfahrung, sitzt völlig entspannt. Auch ihr Pferd und die anderen Pferde sind entspannt und zufrieden.

Jetzt konnte ich mehr über dieses Mädchen erfahren – dank Tipps zweier Freunde und öffentlich zugänglichen Informationen (in diesem Fall Volkszählungen, Fotoarchive und alte Tageszeitungen). Das Mädchen hieß Sigríður Guðmundsdóttir. Kurz gesagt wurde sie 1892 in einem Tal im Nordwesten geboren, zog aber nach dem Tod ihrer Mutter mit 2 Jahren zu ihrem Onkel an die westisländische Küste um (links auf dem Foto). Dort verbrachte sie ihre Jugend, bis sie 1910 die Frauenschule in Reykjavík besuchte. Sie lebte von dort an in der Hauptstadt, heiratete nicht und blieb kinderlos. Sie arbeitete als angestellte Herrenschneiderin und war nebenbei am Theater tätig, sie hatte großes Interesse an der Schauspielkunst. 1977 starb sie mit 85 Jahren.



Þetta fjárhúseftirlitskerfi þarf ekki rafmagn!
Dieses Stallüberwachungssystem funktioniert ganz ohne Strom!

Baugur tilkynnir niðurstöður snjódýptarmælinga sinna! *Baugur misst die Schneetiefe …*



Þrír flottir sauðir: f.v. Kóngur, Sjafnar, Funi – *drei schicke Hammel*

Fannar-Flekka frá Skjaldfönn – magnaður fulltrúi gamla tímans … (Þerna og Funi í bakgrunni.)





Í samræmi við kindurnar: litríkir steinar!
Ganz wie die Schafe: farbenfrohe Steine!

Apríl

Einmánuður

Mið 1
Fim 2 ***Skírdagur*** ○
Fös 3 ***Föstud. langi***
Lau 4 *24.*
Sun 5 ***Páskadagur***
Mán 6 ***Annar í páskum***
Þri 7
Mið 8
Fim 9
Fös 10 ☾
Lau 11 *25.*
Sun 12
Mán 13 16.
Þri 14
Mið 15
Fim 16
Fös 17 ●
Lau 18 *26.*
Sun 19
Mán 20 17.
Þri 21
Mið 22
Fim 23 *1.* ***Sumard. fyrsti***
Fös 24 ☽
Lau 25
Sun 26
Mán 27 18.
Þri 28
Mið 29
Fim 30 *2.*

Harpa

Baugur og Úlfur

Úlfur var síðasta lambið sem fæddist í vor. Hildur, mamma hans, er 9 vetra og ég ætlaði ekki að láta hana bera í ár, en hún notaði tækifærið þegar hrútarnir voru nýgeldir. Hann kom í heiminn 5. júní – rétt eftir að allar kindur höfðu verið aftur inni út af stórhríð og þetta ruglaði Hildi greinilega í ríminu. Hún fékk doða og svo júgurbólgu (bæði afar sjaldgæft hjá mér) og var á tímabili mjög veik. Sem betur fór veittu Axel dýralæknir, Matta vinkona og Halldór á Súluvöllum góð ráð ásamt passlegum lyfjum og hún náði sér alveg (nema að mjólkin kom ekki aftur). En fyrir Úlf litla var það flókið – hann jarmaði og jarmaði en mamman svaraði alls ekki alltaf.

Baugur, 12 ára og með lífsreynslu í samræmi við það, skynjaði að litla lambið þurfti aðstoð. Hann fór og ýtti Úlfi til mín, þannig að ég gat farið með hann til mömmu sinnar! (Sjá myndaröð við hliðina.) Út frá því myndaðist sérstakt samband á milli þeirra og Baugur varð stóri vinur Úlfs. Hann hagaði sér eins og kind – og litli hrúturinn eins og hundur, allavega stundum, og þannig er nafnið hans komið til.

Baugur passar Úlf vel, fram til dagsins í dag (14. september) og kemur í veg fyrir að hann lendi í vandræðum. Ef sá stutti gerir eitthvað óæskilegt eða hættulegt (það dugar að ég segi "neinei" við Úlf), gripur Baugur varlega í hálsullina hans og dregur hann í burtu. Úlfur fattar þá að það er betra að hypja sig og málið er, einu sinni enn, leyst!

Hann var svo heppinn að Drottning, Lína og Plóma ásamt sonunum sínum vildu ekki fara á fjall í sumar, þannig að það skortir aldrei leikfélaga þótt hann væri hérna heima. Fyrst til að fá pela, en eftir það fannst honum bara betra að vera áfram – þótt Hildur vildi í byrjun ágúst ekki missa enn meiri tíma og færi á fjall. (Hún gerði nokkrar tilraunir að taka Úlf með, en hann vildi samt ekki breyta til.)

Svo má nefna að hann er fyrsta "skítuga svartbotnótta" lambið mitt – þ.e. hann fæddist eins og mörg grábotnótt lömb með móleitum og dökkgráum blæ, en þelið varð aldrei grátt, hann varð svartara og svartara og er eiginlega svartbotnóttur í dag. Ég frétti af þessu litaafbrigði, þegar ég vann við litahandbókina "Litadýrð" (sjá kaflann á bls. 26 þar). Gaman að fá einmitt slíkt lamb strax vorið eftir! Mig grunar að hann sé arfhreinn botnóttur, því Hildur er grábotnótt og Hjörtur pabbi hans svartbotnóttur. En ég gat enn ekki fundið út hvort arfhreint botnótt sé ástæðan fyrir þessum litabreytingum. (Ég lét föðurgreina hann til öryggis, þess vegna veit ég með vissu hver faðirinn er!). Bendingar eru vel þegnar ef einhver er með reynslu af þessu fyrirbæri!

Í stuttu máli: Þetta allt er svo skemmtilegt og hjartnæmt að þeir félagar fá heila blaðsíðu, aðalsauðburðarmánuðinn maí, þrátt fyrir að Úlfur fæðist í júní.

Úlfur kam Anfang Juni zur Welt, direkt nach dem großen Schneesturm, den alle Schafe drinnen verbrachten. Vermutlich durch die damit verbundenen "Komplikationen" bekam seine Mutter Hildur gesundheitliche Probleme, was bei mir sonst sehr selten ist, u. a. eine Euterentzündung. Úlfur hing daher etwas "in der Luft", speziell antwortete Hildur nur selten, wenn er rief. Da griff Baugur ein und half – und wurde der "große Freund" des kleinen Lamms. Er wurde zum Schaf und der Kleine zum Hund (zumindest ein bisschen), was auch der Grund für seinen Namen ist ("Wolf"). Hildur wurde wieder gesund und Úlfur ist ein großes Lamm geworden, aber eine besondere Beziehung haben Baugur und Úlfur bis heute. Daher bekommen die beiden eine eigenene Fotoseite – im Haupt-Lammzeitmonat Mai, obwohl Úlfur im Juni geboren ist!





Úlfur með Hildi mömmu sinni









Hjörtur, pabbi Úlfs – úrvals geðslag líka föðurmegin!

















Þessi systkini undan Möggu og Jónatan Steinríkssyni láta snjóinn ekki á sig fá!



Sauðburður á fjallinu. Heyrirðu rjúpurnar?
Lammzeit in den Bergen. Die Schneehühner rufen …





Fannar-Flekka og Garpur Heiðarsson (T137!)



Litla-Rebekka (T137!) undan Rebekku Sóleyjardóttur og Heiðari Mattasyni

Maí

Harpa

Fös	**1**	**Verkalýðsd.** ○
Lau	**2**	
Sun	**3**	**Krossmessa**[1]
Mán	4	19.
Þri	5	
Mið	6	
Fim	7	3.
Fös	8	
Lau	**9**	☾
Sun	**10**	**Eldaskildagi**
Mán	11	20.
Þri	12	
Mið	13	
Fim	**14**	**4. Uppst.Krossm.**[2]
Fös	15	
Lau	**16**	●
Sun	**17**	
Mán	18	21.
Þri	19	
Mið	20	
Fim	21	5.
Fös	22	
Lau	**23**	☽
Sun	**24**	**Hvítasunnudagur**
Mán	**25**	**22. Annar í Hv.**
Þri	26	
Mið	27	
Fim	28	6.
Fös	29	
Lau	**30**	
Sun	**31**	○

Skerpla

[1] Vinnuhjúaskildagi í gamla stíl og víða á Austurlandi
[2] Vinnuhjúaskildagi síðan 1700 nema víða á Austurlandi (Krossmessa; 2026 einnig Uppstígningardagur)



Ullarlest í Reykjavík um 1900. Kútar eru með í för til að flytja brennivín; svo má sjá vatnastöng til að kanna vöð. Mynd: Frederick Howell

Die weite Reise in den Handelsort

In Island gab es lange Zeit keine Orte, nur Einzelhöfe. Bauern benötigten dennoch Kaufleute, um im Tausch gegen Wolle, Butter, Fleisch und Talg Waren zu erwerben, die sie überhaupt nicht oder nur schwer selbst herstellen konnten: v. a. die Grundnahrungsmittel Korn und Bohnen, die in Island aus klimatischen Gründen so gut wie nicht wuchsen, Bauholz und manche Schmiedewaren, zudem als Luxusgüter z. B. Schnaps, Kaffee, Zucker und Baumwoll-, Leinen- oder Seidenstoffe.

Die zunächst ausschließlich ausländischen Kaufleute kamen zuerst nur 1–2 Mal im Jahr, und der Handel fand auf dem Kaufmannsschiff selbst statt. Später wurden Handelshäuser gebaut, um die herum sich ab dem 19. Jh. immer mehr Häuser ansiedelten. Die Distanzen zwischen diesen Orten waren oft sehr groß. Reisen in den Handelsort dauerten daher oft Tage bis Wochen; alle Waren wurden mit Pferdekarawanen transportiert. Hier zwei Beispiele von Woll-Karawanen; das Fass diente zum Branntweintransport auf dem Rückweg. Die Stangen waren dazu da, um die Wassertiefe von Furten zu prüfen.

Unten sind Preisbeispiele von 1907 in den einzelnen Handelsorten zu sehen (smjör = Butter, kjöt = Fleisch (normalerweise Schaf- oder Lammfleisch), mör = Fett, gærur = Felle, ull = Wolle.



Ullarlest í Almannagjá, um 1910. Mynd: Magnús Ólafsson

Kaupstaðarferðir - mikil ævintýri

Þormóður Sveinsson, f. 1889, ólst upp m.a. á Þorljótsstöðum í Vesturdal í Skagafirði, sem er um 75 km frá Sauðárkróki. (Guðleif Kristín Þorsteinsdóttir fósturmóðir hans er annars langamma Tómasar bónda Sigurgeirssonar á Reykhólum, sem eflaust margir kannast við). Hann skrifar:

"Kaupstaðarferðirnar [...] út á Sauðárkrók tóku langan tíma, – og voru erfiðar, sögðu eldri mennirnir. – Aðal-haustferðin, þegar farið var með sláturfé, stóð aldrei skemur yfir en sex daga. Sumarferðir voru hins vegar farnar á skemmri tíma, enda var þá oftast einhver hluti næturinnar lagður í þær. [Innskot KE: Kaupstaðaferðir sunnan jökla tóku jafnvel 3 vikur, á meðan Eyrarbakki var eini verslunarstaðurinn á Suðurlandi.] Haustferðir voru ætíð farnar tvær. Og alltaf mun Hjálmar [fóstri] hafa farið eina ferð þangað á vetri hverjum að sækja nauðsynleg föng, er til þurrðar voru gengin, svo og eina vorferð [til að sækja] m.a. Drangeyjarfugl. Og svo var það sumarferðin, þegar farið var með ullina, [...] á milli fráfærnanna og sláttar. En Hjálmar hóf sjaldnast slátt fyrr en um þrettándu sumarhelgina [KE: sem gat verið á bilinu 15.–22. júlí]. Það spratt seinna þar en utar í dalnum [...].

Ullarferðin var ásamt haustferðunum aðalkaupstaðarferð ársins. Þá fóru stundum húsmæður er að heiman komust og jafnvel vinnukonur þangað, og unglingar sendu upptíninginn sinn [KE: ull sem þeir höfðu fundið í haganum, þegar kindurnar byrjuðu að ganga úr ullinni fyrir rúning], og fengu í staðinn eitthvert lítilræði, sem þeim kom vel. Seinnipart sumars var og oftast farið á Krókinn til að sækja fiskmeti o.fl. Þá var venjulegast farið með smjör til sölu í verzlanir, því, sem hægt hafði verið að safna úr sauðamjólkinni. [...] Sem sagt, það mátti reikna með sex ferðum í kaupstað á ári frá innstu bæjum þarna í Dölum. [...] Alltaf hlakkaði ég til þessara ferða."

Verðlagsdæmi 1907 (Búnaðarit 1908)

	Verð á pundi í aurum.					
	Smjör.	Kjöt.	Mör.	Gærur.	Hvít vorull.	Haust-ull.
Reykjavík . .	80—85	18—26	26	35	80	45
Akranes . . .	70	20—25	26	35	75	50
Búðardalur .	70	21		40—45	85	60
Patreksfjörður	75—80	18—25	30	35—42	95	65
Borðeyri . .	65	18—21	27	40	85	50
Blönduós . .		20		35	85	50
Sauðárkrókur		20—21		35	85	
Húsavík . . .		17—21	23	45	100	
Seyðisfjörður		20—22		42	100	
Breiðdalsvík .		18—22		42	105	
Hornafjörður		17—23	25	42	105	55

Útlend nauðsynjavara var um árslokin komin í hærra verð en hún hefir verið í til margra ára. Í Hornafjarðarverzluninni var rúgmjölstunnan komin í 23 kr. Svipað þessu mun það hafa verið víðar, þó þetta sé að líkindum einna hæst. Þetta háa verð á kornvörunni var að vísu þolanlegt, vegna þess að innlenda varan var í háu verði líka.

Síðari árin hefir búskaparlagið breytst í þá áttina, að láta ærnar ganga með dilk í stað þess að færa frá þeim; hvort áframhald verður á því eða ekki er óséð enn. Þetta dregur frá rjómabúunum, að öðru leyti störfuðu þau á líkan hátt og áður.



Ólýsanlegar – bjartar vornætur *Um Mitternacht*



Ein mynd enn! Úlfur og Baugur



Við Morgunsól og Vinur njóttum vorblíðunnar (sjá líka bls. 2)



Þessar eru með meira en 1000 ára reynslu … Fjóla, Lúsía, Hanna fremst.
1000 Jahre Erfahrung zahlen sich aus.

Júní

Skerpla

Mán 1 23.
Þri 2
Mið 3
Fim 4 *7.* Frídagur
Fös 5
Lau 6
Sun 7 *Sjómannad.*
Mán 8 24. ☾
Þri 9
Mið 10
Fim 11 *8.*
Fös 12
Lau 13
Sun 14
Mán 15 25. ●
Þri 16
Mið 17 *Þjóðhátíðard.*
Fim 18 *9.*
Fös 19
Lau 20
Sun 21 *Sumarsólstöður*
Mán 22 26.
Þri 23
Mið 24 *Jónsmessa*
Fim 25 *10.*
Fös 26
Lau 27
Sun 28
Mán 29 27. ○
Þri 30

Sólmánuður



Um 1910: Heybandslest á Blöndubrúnni, sem var vígð 1897. Brúin var 1962 flutt að Steiná í Svartárdal, en varð 2021 aftur Blöndubrú – nefnilega göngubrú út í Hrútey.
Heukarawane bei Blönduós (Brücke von 1897).
Mynd: Magnús Ólafsson



Heyskapur í Austurbænum í Múlakoti (Fljótshlíð) um 1900. Óvenjulegt: Það er þegar búið að binda nærri allt heyið í bagga (þurfti mikið af reipum til þess!), alltaf tveir og tveir baggar tilbúnir til að hengja á klakk.
Mynd/*Foto:* Frederick Howell



Skaftafell um 1960, Beggi Bylgja og Þorgnýr Albertssynir. Þeir áttu það til að raka í sparifötum þegar það var tilefni til þess – til dæmis fyrir messu, böll eða matarboð. Mynd/*Foto*: úr safni Stefáns Gríms



Um 1910 við Reykjahlíð, Mývatnssveit. Sjáðu litlu stelpuna!
Mynd/*Foto*: Magnús Ólafsson

Heyskapur – *Heuernte in alter Zeit*

Og enn leynast heyskaparmyndir víða – meira en 100 ára gamlar –, sem eru lítið þekktar, en samt óvenjulegar og með skemmtilegum smáatriðum. Í mínum augum eru slíkar myndir miklar gersemar! Heyskapur var í 1000 ár lykilatriði til að lifa af á Íslandi: Án heys ekkert sauðfé, engin hross og alls engar kýr – án sauðfjár og án hrossa ekkert mannfólk … Nema ef um mjög snjóléttan vetur væri að ræða, sem alls ekki var hægt að veðja á!

Engin furða að allir lögðu sig alla fram, á öllum aldri, engin furða að stoltið og metnaðurinn leynir sér ekki á mörgum þessara heyskaparmynda. Og engin furða að Jónatan Hermannsson frá Galtalæk er enn í heyskap þrátt fyrir háan aldur, öll sumur, allt sumarið – í andanum.

Höndin titrar – ég er þreyttur.

Fór á engjar fyrir dag.

Hef slegið, rakað í flekki, rifjað.

Hvert atvik, hvert handbragð
hefur tekið hugann allan.

Hef tekið saman, hef sætt og bundið.

Ég er þreyttur.

Í kvöldrökkrinu hef ég raðað
böggunum sem eftir eru í tvær raðir.

Þegar síðasta lestin kemur
verður hún leidd þar á milli.

Og lestarmaðurinn,
sem ég veit ekki hver er,
mun láta upp á móti mér.

Svo er þetta búið.

Þetta hefur verið langur dagur.

Ég er þreyttur.

Aðrir munu ganga á engjar
á morgun.

Jónatan, heyskaparsaga XIX



Vaskur hópur! Tígull, Prins og Jónas Jónatanssynir, Jökla Teitsdóttir (fremst) með Heiðarsbörnin sín og svartur Plómusonur.



Bestu vinir í meira en áratug: Ölfus-Bleikur Náttfarason (f. 1996) og Eitill



Sunna og Máni Ástubörn Nikulásdóttur – efni í forystukindur með T137!



Júlí

Sólmánuður

Mið 1
Fim 2 11.
Fös 3
Lau 4
Sun 5
Mán 6 28.
Þri 7 ☾
Mið 8
Fim 9 12.
Fös 10
Lau 11
Sun 12
Mán 13 29.
Þri 14 ●
Mið 15
Fim 16 13.
Fös 17
Lau 18
Sun 19
Mán 20 30.
Þri 21 ☽
Mið 22 aukanætur
Fim 23 14.
Fös 24
Lau 25
Sun 26
Mán 27 31.
Þri 28
Mið 29 ○
Fim 30 15.
Fös 31

Heyannir

... ær og kýr!

Gamlar mjaltarmyndir eru sjaldgæfar og dýrmætar, sérstaklega af kvíám, því fráfærur (lömbin voru færð frá mæðrum sínum eftir nokkrar vikur og ærnar mjólkaðar fram á haustið) lögðust víðast af á milli 1900 og 1920. Eins og ég hef margoft bent á, voru ær aðalmjólkurdýrin á Íslandi í mörg hundruð ár – þær gátu og geta enn búið til feita og próteinríka mjólk "úr engu" (nefnilega grasi í óræktuðu landi) og það var hægt að beita þeim líka á veturna. Kýr eru talsvert viðkvæmari, háðar húsaskjóli nema á sumrin og þurfa mikið og gott hey til að mjólka vel. Þess vegna tóku þær við af ánum ekki fyrr en túnrækt fór í vöxt og heyskaparvélar komu til sögu, þannig að það varð auðveldara að afla heyja handa kúm.

Við mjaltir sést samspil búfjár og manns sérstaklega vel. Það er til dæmis ekki tilviljun að kýrnar á myndinni neðst eru ekki bundnar. Sá sem mjólkar tekur við hlutverki kálfsins, kúnni líður vel þegar hún er mjólkuð og oft myndaðist djúp vinátta á milli kúa og manna (sem voru yfirleitt konur í þessu tilfelli). Slík vinátta er enn til í dag, þótt mjaltarþjónar dragi úr þessum nánu samskiptum manna og kúa – sem er kannski helsti ókosturinn hans; hann hefur líka marga kosti, einnig fyrir kúna, því hún getur látið mjólka sig hvenær sem hún vill.



Kvíær á Valþjófsstað, Fljótsdal, um 1900.
Milchauen.
Mynd/*Foto*: Frederick Howell



Samspil og vinátta fest á filmu…
Zusammenspiel und Freundschaft zwischen Kuh und Mensch …



Ær og kýr mættar í mjaltir. Smalar virðast hafa verið tveir sem smöluðu ríðandi, smalahundurinn í forgrunni. Mjaltastúlkan (með skuplu) í kvíunum.
Zwei Jungen haben die Auen und Kühe zum Melken geholt.
Geldingaá, Leirársveit, um 1900. Mynd/*Foto*: Frederick Howell



Hér eru mjaltastúlkurnar þrjár og kýrnar sérstaklega skrautlegar. Áhugavert: Þótt líklegt sé að krossóttu kýrnar séu mædgur eða systur, er önnur þeirra hyrnd, en hin kollótt (sem er erfðafræðilega ríkjandi, þannig að faðirinn var kollóttur). Það er mikið um að vera á þessari mynd, í bakgrunni er verið að hengja upp þvott eða kannski eru þetta teppi og föt ferðalanganna sem þarf að taka niður núna fyrir brottför. En það er margt fólk saman komið til að vera með á myndinni og ekki laust við að það öfundi mjaltastúlkurnar og kýrnar sem eru augljóslega aðalmyndefnið hér ...
(Holt undir Eyjafjöllum, um 1910. Mynd/*Foto*: Magnús Ólafsson)



Svakalega flottur: Jónatan Steinríksson, sem hoppaði út úr hrútastíu og bjó til þónokkur "umframlömb" – sem koma margoft fram í þessu dagatali ...
Jónatan, begabtes Anführerschaf, ungeplanter Vater diverser Lämmer, die umfangreich in diesem Kalender zu sehen sind



Smyrill



Heimsókn á fjallinu: Engjarós Ástu- og Kóngsdóttir Gústu- og Selasonar (þ.e. skyldleikaræktuð út af Nikulás frá Brakanda og Dóru frá Helgafelli)



Hestar eru Baugs ær og kýr! Hér fylgist hann með Eitli. Þeir fæddust báðir á Íbishóli.
Baugur und Eitill

Ágúst

Heyannir

Lau	**1**	Verslunarmanna-
Sun	**2**	helgi
Mán	**3**	Frídagur versl.
Þri	4	
Mið	5	
Fim	6	16. ☾
Fös	7	
Lau	**8**	
Sun	**9**	
Mán	10	33.
Þri	11	
Mið	12	●
Fim	13	17.
Fös	14	
Lau	**15**	
Sun	**16**	
Mán	17	34.
Þri	18	
Mið	19	
Fim	20	18. ☽
Fös	21	
Lau	**22**	
Sun	**23**	
Mán	24	35.
Þri	25	
Mið	26	
Fim	27	19.
Fös	28	○
Lau	**29**	Höfuðdagur
Sun	**30**	
Mán	31	36.

Tvímán.



t.h. (með svipuna) er Páll Þorsteinsson bóndi í Álftártungu (móðurafi Gróu Jóhannsdóttur) og t.v. er líklega Sigurður Helgason á Langárfossi

Hraundalsrétt og "tilviljanir"

Dagbjartur Dagbjartsson frá Hrísum benti einhvern tímann í sumar á Facebook á skemmtilegt og fróðlegt myndband, sem Ingimundur Einarsson setti inn 21.3.21: Hraundalsrétt 1978. (Það er hægt að horfa á það hér: tinyurl.com/hraundalsrett1978 – vonandi verður slóðin óbreytt sem lengst!)

Einhvern veginn tók ég sérstaklega eftir hundi, sem kom nokkrum sinnum fram þar – hann lá á hnakki sem var geymdur á réttarveggnum og fylgdist með réttarstörfunum rólega, en af áhuga. Fyrir aftan hann sáust tveir karlar í notalegu samtali. Ég varð forvitin, setti inn skjáskotið sem sést fyrir ofan og spurði: "Hverjir eru þessir? Mennirnir – og hundurinn?"

Fyrst gerðist ekki neitt, sem þýðir venjulega að enginn veit svarið (eða sá sem veit, sér ekki spurninguna). En eftir nokkrar vikur, rétt fyrir göngur, kom allt í einu svar. Þú manst eftir fjölskyldumyndinni og Sigríði Guðmundsdóttur sem ég kynnti á aprílsíðunni – og að það var Gróa Jóhannsdóttir sem sendi mér fyrstu upplýsingarnar um fólkið á myndinni? Viti menn: Gróa var aftur sú, sem þekkti mennina í réttinni! Og ekki nóg með það, maðurinn til hægri var afi hennar í Álftártungu, þar sem hún ólst upp að mörgu leyti!

Líkurnar voru auðvitað hverfandi litlar á að slíkt gæti gerst, en eins og svo oft gerðist það samt – sem mér finnst alltaf jafn heillandi! (Gróa, Arnaldur maðurinn hennar og Sigurður sonurinn þeirra tóku reyndar nokkrar næturvaktir í sauðburði hjá mér í vor, nánar tiltekið fjarvaktir í gegnum vefmyndavél – erum við kannski vegna þess allt í einu tengdar á "myndrænan hátt"?!)

Í stuttu máli ákvað ég að gera meira úr þessu, nefnilega heila septembersíðu í dagatalinu um bæði Hraundalsréttina og afa Gróu. Ég gef Gróu orðið:

"Nú fer í hönd sá tími þegar fé er smalað saman og réttað (göngur og réttir). Þessi mynd er af Hraundalsrétt. En Hraundalsrétt var skilarétt Álftaneshrepps, og var réttað í henni allt til 1978. Réttin er að grunni til mjög gömul og ekki vitað hve gömul, en elstu heimildir um hana er frá miðri átjándu öld, en örugglega er hún mun eldri. Réttin er hlaðin úr hraungrýti og er notast við hraunjaðarinn að hluta til.

Ég fór í þessa rétt öll mín bernskuár meðan var réttað í henni og á úr henni margar minningar sem oft koma til mín á þessum árstíma. Álftártungudilkurinn var stóri dilkurinn í norðausturhorninu (nr. 20/21 á teikningunni). Sé það núna að þessi rétt er stórmerkilegt mannvirki og í raun merkileg menningarverðmæti, en í bernskunni var hún bara einn af föstu punktunum í tilverunni.

Árni ömmubróðir minn heitinn Guðmundsson skrifaði margt fróðlegt og m.a. um Hraundalsrétt og hvet ég áhugasama um þjóðlegan fróðleik að kíkja á heimasíðuna **skivar.is** sem er síða með fróðleik og minningum sem hann safnaði saman. 30 mínútur langt myndband [sjá slóðina efst í greininni] var tekið upp þegar réttað var í síðasta skiptið í réttinni 1978. Þar bregður fyrir fjölskyldunni minni, sveitungum og hestum bernsku minnar (já og líka 13 ára ég), en í upphafi myndar er Álftártungufólk að spretta af hestunum. Þessi rétt er eitt af því sem gefur hlýtt í hjartað frá bernskunni.



Árni Guðmundsson skrifaði 2011 í Borgfirðingabók, ársriti Sögufélags Borgarfjarðar:

"Á tíunda áratug síðustu aldar talaðist svo til milli þriggja gamalla Álfthreppinga og vina í leitum þeirra, sem síðar verða nefndir, að forða frá gleymsku dilkaskipun í Hraundalsrétt til ársins 1948, en ætla má að sú dilkaskipun hafi verið svo um langan aldur. A.m.k. heyrðum við aldrei um það talað af eldri mönnum að hún hefði verið öðruvísi.

Elstu heimildir sem ég hef séð um Hraundalsrétt eru í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar og í Öldin átjánda þar sem fjallað er um árið 1753.

Ennfremur segir Guðrún Ása Grímsdóttir 1997 í Árbók Ferðafélags Íslands um Hraundalsrétt: „Almenningur og milliveggir eru hlaðnir úr hraungrýti, undirstaðan rétt til fundin og grjótið látið stöðvast af sjálfu sér og falla að ójöfnum sínum, en sumir veggirnir eru hraunbrúnin sjálf. Réttin sveigist og stendur með landslaginu, er sem musteri íslenska bóndans, sáttmáli manns og jarðar.“

[...] Númerið 25 eru þar sem ævaforn réttarbrot gæti hafa verið dilkur og eru nú varla sýnileg, enda nemur loftmyndavél þau ekki. Í dag undrast ég að mér hafi ekki þótt ástæða til að nefna þessi veggjabrot í samantekt minni frá 2003.

Brotalínan milli dilka númer 20 og 21 er tilkomin vegna þess að eftir 1963 fór fjármargur bóndi, Páll Þorsteinsson í Álftártungu, að draga í þessa dilka. Þá var veggurinn á milli þeirra rifinn enda óþarfur eins og sakir stóðu. Ef til vill hefur vantað grjót til hækkunar á öðrum réttarveggjum. Slíkt væri ekki leyft í dag."

Dilkaskipun í Hraundalsrétt til 1948 (úr skivar.is):

1. Borgarhreppur.
2. Hraunhreppur, miðsveit.
3. Álftártunga og Álftártungukot.
4. Hofsstaðir.
5. Hraunhreppur, uppsveit.
6. Urriðaá.
7. Langárfoss.
8. Leirulækur, (Smiðjuhóll og Leirulækjarsel).
9. Straumfjörður, Knarrarnes og Vogalækur.
10. Oftast ómerkingar, stundum Ytri-Hraundalur eða Grenjar.
11. Syðri-Hraundalur.
12. Valshamar og Háhóll.
13. Grímsstaðir
14. Álftárós og Krossnes
15. Smiðjuhóll, (Leirulækur og Leirulækjarsel).
16. Hraunhreppur, niðursveit.
17. Til ráðstöfunar fyrir réttarstjóra, stundum fengu Hraunhreppingar að nota hann svo dæmi sé tekið.
18. Arnarstapi, Álftárbakki og Þverholt.
19. Hvítstaðir og Grenjar fyrr á tímum.
20. Lambastaðir og Miðhús.
21. Álftanes og ýmsu kot.
22. Almenningur
23. Lögrétta
24. Trypparétt, einnig til nota fyrir Hraunhreppinga meðan fjárrétt stóð yfir.



Páll Þorsteinsson í Álftártungu

f. 3. febrúar 1913, d. 8. mars 1988

bóndi í Álftártungu, réttarstjóri og fjallkóngur í mörg ár

kvæntur Gróu Guðmundsdóttur bónda í Álftártungu
(f. 4. júní 1917, d. 25. september 2016)

Gróa Jóhannsdóttir dótturdóttir hans skrifaði 3.3.2023:

"Í dag eru 110 ár síðan móðurafi minn Páll Aðalsteinn Þorsteinsson fæddist í Kaupmannahöfn. Ástæða þess að hann fæddist þar var sú að hann, eins og margir merkir Íslendingar, hafði orðið til í ógáti þegar sonurinn á heimilinu barnaði vinnukonuna. Til að bjarga heiðri fjölskyldunnar var vinnukonan send til Danmerkur til að eiga barnið og átti að skilja það þar eftir. Langamma Egillína Jónsdóttir kom hins vegar með barnið aftur til landsins og var honum komið í fóstur á Hundastapa á Mýrum, þar sem hann ólst upp (þess má geta að þó afi hafi alist upp í fóstri var hann í góðu sambandi við foreldra sína meðan þau lifðu þ.e. Egillínu og svo langafa Þorstein Bjarnason bókara og kennara í Verslunarskólanum).



Afi ásamt ömmu er mín helsta fyrirmynd í lífinu. Ég var svo heppin að fá að alast upp að hluta undir þeirra leiðsögn og hef ég reynt að hafa þeirra lífsviðhorf að leiðarljósi.

Flestar mínar bernskuminningar litast af lífi mínu með afa og ömmu. Oftast var ég með afa í bústörfunum en þau afi og amma bjuggu í Álftártungu, þar sem amma var fædd og uppalin. Það sem einkenndi lífið á þessum árum var lífsgleði og glaðværð því fjölskyldan var stór og gestkvæmt og oft mikill glaumur og gleði.

Set hérna inn hluta af pistli sem ég birti fyrir 10 árum: " Minningarnar eru margar og dýrmætar, við fjárrag, í kringum hestana, girðingarvinnu og allt sem til féll. Sögustundir meðan kjötið var saltað og spurningarleikur upp úr markaskránni að ógleymdum heimspekilegum vangaveltum í dagsins önn.

Ég man eftir sumarnótt þegar Álftártungufólkið var að ríða heim eftir að hafa verið að taka af ánum upp á Grímsstöðum og ég fékk að ríða Faxa, stólpaklár sem afi átti. Einn sveitungi okkar sem hafði verið að reka sitt fé á fjall varð samferða okkur og sagði við afa: "Lætur þú krakkann ríða Bleik?" Mér sárnaði þessi ummæli þar sem að í þeim lá að ég væri ekki verðug að ríða klárnum og líka það að hann skyldi kalla klárinn Bleik en ekki hans rétta nafni. "Ég held að hann sé ekki of góður til að bera hana," var svarið sem sem afi gaf og endurheimti ég við það stoltið yfir því að fá að ríða klárnum.

Afi gegndi mjög mörgum trúnaðarstörfum um ævina og leysti þau öll vel af hendi og oft fór mikill tími í þau og kannski meiri en tilefni var til. T.d. var hann umboðsmaður skattstjóra í mörg ár og margir sveitungarnir túlkuðu þann titill þannig að þeir ættu bara að mæta með bókhaldið í kaupfélagspoka og afi myndi síðan sjá um alla framtalsgerð fyrir þá. Ég var ekki gömul þegar ég var farin að aðstoða afa við þessa framtalsgerð og um fermingu var ég farin að gera landbúnaðarframtöl nánast upp á mitt einsdæmi. Hafði lúmskt gaman af því, þegar ég kom í bændaskólann á Hvanneyri og það átti að taka nokkrar vikur í að kenna væntanlegum bændum framtalsgerð, að ég kláraði framtalið í fyrsta tíma. "Ætli þú hafir ekki gert þetta einhvern tíma áður," sagði kennarinn þegar hann fór yfir framtalið. Þetta er bara eitt dæmi um það sem ég lærði af afa en hans leiðsögn, og ömmu líka, hefur reynst mér vel og á eftir að reynast mér vel áfram og alltaf hugsa ég hvernig þau hefðu brugðist við, þegar ég stend frammi fyrir áskorunum.

Í kvöld ætla afkomendurnir að hittast yfir þorramat (sem á æskuheimilinu var reyndar bara hversdagsmatur) og minnast afa. Ég verð eins og oft áður fjarri góðu gamni en verð með þeim í anda og veit að það á eftir að verða gott kvöld með góðum og hlýjum minningum.

Myndin af afa og ömmu er tekin í sextugsafmæli afa og þau því þarna á svipuðum aldri og við Arnaldur í dag."



Gróa Jóhannsdóttir í Hraundalsréttinni 1978 – skjámyndir úr myndbandi frá 1978 þegar réttað var þar í síðasta sinn.



Der Sortierpferch Hraundalsrétt, dessen Wände aus Lavagestein aufgeschichtet wurden, wird 1752 erstmals erwähnt, ist aber wohl deutlich älter. Er war bis 1978 in Gebrauch; die Fotos stammen aus einem Film, der in jenem letzten Herbst aufgenommen wurde. Er ist unter tinyurl.com/hraundalsrett1978 zu finden (auf Facebook) – ein wichtiges Zeitdokument. (Nicht wundern, die Betrunkenen kommen absichtlich besonders oft vor!)



Fyrri göngur eru yfirleitt á laugardegi í 20. viku sumars. Safnið er að nálgast Skrapatunguréttina þegar það fer að rökkva.
Großer Abtrieb: Es dämmert, aber auch die letzten Schafe haben den Pferch fast erreicht.



Fyrsti snjórinn kom ekki fyrr en seint í 21. viku sumars. Og Drottning er öllu vön – það snjóaði líka þegar hún fæddist 8.5.2015!



Þessi fjölskylda á auðvelt með að vaða Norðurána á leiðinni í réttina – það er bara lítið í henni.
Beim großen Abtrieb: Der Fluss hatte nicht viel Wasser.



Enn í fullu fjöri þrátt fyrir langan dag á fjalli: Hjördís á Breiðavaði á Glaði og Þórður frá Sauðanesi með Stiklu og Trommu

September

Tvímánuður

Haustmán.

Þri	1		
Mið	2		
Fim	3	20.	
Fös	4	☾	
Lau	***5***		
Sun	***6***		
Mán	7	37.	
Þri	8		
Mið	9		
Fim	10	21.	
Fös	11	●	
Lau	***12***		
Sun	***13***		
Mán	14	38.	
Þri	15		
Mið	16		
Fim	17	22.	
Fös	18	☽	
Lau	***19***		
Sun	***20***		
Mán	21	39.	
Þri	22		
Mið	23	*Haustjafndægur*	
Fim	24	23.	
Fös	25		
Lau	***26***	○	
Sun	***27***		
Mán	28	40.	
Þri	29		
Mið	30		











Það er gott að vera kýr í Brautarholti! *Die Kühe in Brautarholt haben es besonders gut!*

Ljóð í berjamó - *Gedichte beim Beerensammeln*

Ekki er maður alltaf svo heppinn að geta tínt ber í október – svo rekst maður heldur ekki á hverjum degi á eins áhugaverða mynd af merkum manni! Hér er Helgi Hálfdanarson, lyfjafræðingur og einn helsti bókmenntaþýðandi Íslendinga á 20. öld, að lesa ljóð fyrir fjölskylduna sína sem er í berjamó á fögrum degi. Ekki skemmir að hann tengdist fjölskylduböndum við Skagafjörðinn.

Helgi var fæddur 14. ágúst 1911 í Reykjavík, sonur hjónanna séra Hálfdanar Guðjónssonar og Herdísar Pétursdóttur frá Valadal. Hann stofnaði Húsavíkur Apótek sem hann rak í tvo áratugi, starfaði eftir það sem lyfjafræðingur og við kennslu í Reykjavík. Meðfram daglegum störfum vann Helgi að þýðingum – hann þýddi öll leikrit Williams Shakespeares, gríska harmleiki eftir Æskýlos, Sófókles og Evripídes og margt fleira, m.a. eftir Henrik Ibsen. Auk þess þýddi Helgi Kóraninn, sagnasöfn og fjölda ljóða frá flestum heimsálfum. Helgi var kvæntur Láru Sigríði Sigurðardóttur, fædd 16. janúar 1914 á Sauðárkróki, dáin 21. júlí 1970 – Carl Magnússon tók skemmtilegu myndina af hjónunum hér fyrir neðan (varðveitt í Héraðsskjalasafninu Skagfirðinga). Helgi dó á 98. aldursári 20. janúar 2009. (Heimild: Morgunblaðið, 22.1.2009)

Sonarsonur hans, Hálfdan Helgason, birti stórmerkilegu myndina úr berjamó í Facebook-hópnum "Gamlar ljósmyndir" í tilefni 114. afmælis afa síns og veitti mér góðfúslega leyfi til birtingar.



Beerensammeln ist sehr beliebt – auch bei Stadtbewohnern. Dass beim Sammeln auch zusätzliche Unterhaltung in Form einer informellen Dichterlesung geboten wird und noch dazu ein Foto davon existiert, obwohl das Ereignis um 1950 herum stattfand, ist auch in Island bemerkenswert! Hier liest der landesbekannte Dichter und Übersetzer Helgi Hálfdanarson seiner beerensammelnden Familie Gedichte vor. Zu dieser Zeit war er Apotheker in Húsavík. Auf dem unteren Bild aus den 30er Jahren ist er mit seiner Frau Lára Sigríður Sigurðardóttir zu sehen.

Er übersetzte nicht nur alle Bühnenstücke Shakespeares, sondern auch auch altgriechische Tragödien und den Koran, obwohl er sein ganzes Berufsleben lang vollzeitbeschäftigter Apotheker war.



Sægrá kýr – dökkbrún augnumgjörð (Viða)



Bröndótt kýr – ljósbleik augnumgjörð (Sandra)



Grönótt kýr – ægishjálmur (Ólafía á Lágafelli). Mynd: Sæunn Þórarinsdóttir



Sægrábröndótt kýr – dökkbrún augnumgjörð (Píla)





Augu í kúm eru ekki öll eins! *Kuhaugenvielfalt*

Ólíkt kindum og flestum hestum eru mjög margar kýr með bleika eða nærri hvíta augnumgjörð eins og mannfólk, t.d. rauðar og bröndóttar kýr. Augnumgjörðin er hins vegar svört eða dökkbrún á sægráum kúm, eins á svörtum og kolóttum kúm og augað minnir vegna þess á dökkt kinda- eða hestaauga. Þetta sést strax á nýfæddum kálfum, á meðan litinn er ekki auðvelt að greina. Á sægrábröndóttum kúm virðist það hins vegar breytilegt – Píla er með "sægrá" augu, en "bröndótt" augu virðast líka til. Sægrátt er sjaldgæfur, en fallegur litur í íslenska stofninum, kálfar í þessum lit vekja þess vegna alltaf miklar lukkur, ekki síst ef um kvígu er að ræða. (Ég tók þessar myndir og líka kálfamyndina á kápunni í Brautarholti í Hrútafirði. En myndina af Ólafíu tók Sæunn á Lágafelli, þar sem litafjölbreytileikinn er einnig mikill – og þar finnast meira að segja hyrndar kýr, sem eru nærri eins sjaldgæfar og sægráar!)

Bei Kühen (zumindest isländischen) hängt die Augapfelfarbe mit der Fellfarbe zusammen, wie die Bilder anschaulich zeigen. Sægrátt (sprich saigraut, also "seegrau") ist sehr selten und sægrátt plus bröndótt erst recht!



Ljúfur litli





Nýfluttar í Hvammshlíð 2024: Erna og Eva frá Stóru-Hámundarstöðum (T137!) og Tófa frá Bjarnastöðum – ein af örfáum kollóttum forystukindum sem eru hreinræktaðar!

Bláklukka Kóngsdóttir með Steinríksdóttur



Október

Haustmánuður

Gormán.

Fim	1	*24.*	
Fös	2		
Lau	***3***	☾	
Sun	***4***		
Mán	5		
Þri	6	Eldadagur	
Mið	7		
Fim	8	*25.*	
Fös	9		
Lau	***10***	●	
Sun	***11***	Fæðingard. fors.	
Mán	12	42.	
Þri	13		
Mið	14		
Fim	15	*26.*	
Fös	16		
Lau	***17***		
Sun	***18***	☽	
Mán	19	43.	
Þri	20		
Mið	21		
Fim	22	*vetur-*	
Fös	23	*nætur*	
Lau	***24***	*1.*	***1. vetrard.***
Sun	***25***		
Mán	26	44. ○	
Þri	27		
Mið	28		
Fim	29		
Fös	30		
Lau	***31***	*2.*	

Ýmsar "heyhrúgur" í gamla daga

Wie hießen früher die verschiedenen Heuhaufen?

Kominn október – heyskap vonandi fyrir löngu lokið og nógur tími til að pæla í gömlum heitum á misstórum heyhrúgum! Það reyndist erfitt að flokka þessi heiti niður eftir landshlutum og notkun sömu orða mjög misjöfn, ruglar fólki í ríminu enn meira en mögótt og golótt. Listinn er því ekki tæmandi og oft talsverður munur á milli bæja. Svo setur ólíkt veðurfar landshluta sinn svip á venjur og þar með orðafordann: Næstminnstu hrúgurnar (oft kallaðar dryli) voru sjaldan notaðar á (úrkomulitla) Norðurlandinu – á hinn boginn var í (úrkomumikla) Hornafirðinum meira að segja breitt yfir dryli!
Ég þakka heimildarmönnum mínum kærlega – þeir voru fleiri en 50.
Baggahestinn teiknaði Daniel Bruun 1896 á bænum Hruna.

dríli
sáta
hestur (6-8 sátur)
galti lön

fang
sæti (5-6 föng)
galti

sáta (bundið hey)

Gunnar Þórarinsson, Þóroddsstöðum:
"Strigaefni sem kallað var **hæra** var oft breidd yfir **galtann** og **fest** með því að troða bandi með **heyvisk** undir hann. Einnig notað yfir **fúlgurnar.**"

sáta
bólstur

fang
dríli (5-6 föng)
sáta (fleiri föng)
fúlga
galti, hey

dryli
lön

fang
dryla
sáta

lön = sáta
(meðalstór)

fang
sáta
lön

beðja
sáta

fang
dryli/dríli
sæti

fang
dríli, sáta
galti

Þórdís Sigurbjörnsdóttir frá Hrísum:
1 - **fang**
2 - **dryli**
3 - **sæti**, vandist líka að heyra talað um **galta**. Mamma sagði sæti, ættuð af Vatnsnesinu, pabbi talaði um galta, fæddur í Borgarfirði, en ættaður af Suðurlandi.
4 - **fúlga** (Vatnsnessútgáfan) minnir að Borgfirðingar hafi talað um **galta** ef hey var sett upp til **vetrargeymslu**.

Helga Játvarðardóttir, Miðjanesi/Reykhólasveit:
"**Galti** er kringlóttur, **lön** er aflöng."

sæti
fúlga

fang
sáta
baggasæti
sæti
galti

sáta
bólstur
fúlga

fang
sáta
(sjaldgæf stærð)
galti (á túnínu)
fúlga (heima)

fang
dryli
sáta
galti

fang
sáta

dryli
beðja
sáta
hey

fang
sæti
sáta
göltur

dríli
sæti

fang
sæti
galti

fang
dryli (2-4 föng)
beðja
sáta (kringlótt)

Halldór Pálsson frá Hítarnesi:
"**Galtar** og fúlgur eru alltaf stærri og lengri en sæti enda voru **sæti alltaf hringlaga** í minni heimabyggð."

fang
dryli
galti, sæti
hey, útihey

5 tegundir af heyhrúgum
og mismunandi heiti þeirra



1	2	3	4	5
fang	*drýli (dríli)*	*sæti*	*sæti*	*baggi*
	drýla (dríla)	*sáta*	*sáta*	*sáta*
	sæti	*bólstur kk/hvk*	*fúlga*	
	sáta	*lön*	*galti*	
	bólstur kk/hvk	*fúlga*	*göltur*	
	beðja	*beðja*	*lön*	
			hey	
			útihey	

fang
dryli/dryla
sáta
lön
galti

fang
dryli, dryla
sæti, sáta
galti

Geirþrúður Sighvatsdóttir, Miðhúsum:
"Hey var **saxað í föng**, sem borin voru saman í **dríli** (2-3 föng ef breiða átti fljótt aftur). Svo komu **sátur** (stærri, hlaðnar úr fleiri föngum), **fúlgur** (enn stærri, oft dregnar að hlöðu með traktor) og stærst voru **hey** eða **galtar**, sem voru útihey, sem breytt var yfir með striga og fergt í kantinn með steinum. – Alin upp í Biskupstungum eftir miðja síðustu öld, við þingeyskt orðfæri!"

fang
dryli
sáta
galti

fang
sáta

sáta
lön
galti

sáta
galti (á túnínu)

dryli
sæti

Þórdís Sigurbjörnsdóttir frá Hrísum:
"Ég man að mér þótti skrítið að heyra sæti kölluð sátur og það stingur mig alltaf í eyrun. Ég vandist nefnilega að heyra talað um að **sátur** væru hengdar á **hlakk**."

"Um 1930 var farið að nota striga yfirbreiðslur á sátur og var þá algengt að láta þær standa þar til þær voru orðnar vel þurrar. Þá var reipum smeygt undir þær og þær bundnar. Sátubotninn var að vísu oftast rakur, en ef bundið var í þurrki kom það ekki að sök, því hann lenti utan á bagganum. Upp úr 1940 var farið að setja í galta, þ.e. nokkrir hestburðir settir saman og breitt yfir. Með því myndaðist meiri hiti í heyinu og var því fljótara að þurrka sig upp, en þó varð það að vera orðið nokkuð þurrt (galtahey) svo að ekki væri hætt við skemmd. Ef illa var gengið frá sátum eða galta og mikið rigndi, gat það drepið, blotnað." *(úr Sarpi, karlmaður úr Öræfum)*

Dagbjartur Dagbjartsson frá Hrísum (Borg.):
"Ég myndi kalla nr 1 **fang**, en fang þyrfti þó að vera **saxað**; nr 2 dryli sem er álíka og fang eða lítið stærra og eins og skrúfað upp úr garða. Semsagt fyrst var **garðað** og svo **drýlað** upp úr görðunum. Gert í fljótheitum til að bjarga heyi undan **rigningu**. (Fékk reynsluna 1955.) **Baggasæti** eða **sáta** var svona næsta stærð við og kannski gróflega miðað við að í því væri sirka **hestburður** af heyi – nú eða ein bundin sáta. Veit ekki hvað menn náðu að vera nákvæmir með það. Rétt náði í rassinn á þessum vinnubrögðum. **Galti** eða **sæti** var þá **heyfúlga** sem var orðin **nokkuð þurr** en sett upp til að ryðja sig eða **bíða** þess að veður og tími hentaði að koma í hlöðu. Borið upp við hús eða komið til **endanlegrar** staðsetningar hét þá **hey** eða **útihey** gat stundum verið nokkuð stórt og þá oftast yfirbreitt."

Páll Ímsland frá Höfn:
"Ég er Hornfirðingur og þar voru heyhrúgurnar kallaðar **dryli eða dryla** ef þær voru litlar, svona upp undir meters háar og hliðbrattar, keilulaga. Oft voru breidd svokölluð **brigði**, ferhyrndar strigapjölur, yfir drýlurnar eða drýlin og þau hæld niður með litlum tréhælum í hverju horni. Þetta var gert ef heyið var ekki fullþurrt og til stóð að **breiða það aftur**. Stærri heyhrúgur, yfirleitt um mannhæðarháar, um 1 til 1½ m á breidd og um 3 m á lengd, voru kölluð **sæti eða sátur**. Þá var heyið yfirleitt betur **þurrt**. Sáturnar voru vel **hliðbrattar** helst lóðréttar á hliðarnar og **bungumyndaðar** að ofan. Á þær voru líka breidd brigði og hæluð niður. **Galtar** hétu ennþá stærri heystæður sem hlaðnar voru upp **heima** við fjárhús. Þeir voru ráð manna sem ekki áttu hlöður undir heyin og þeir stóðu úti yfir veturinn og var gefið úr þeim. Þeir voru yfirleitt varðir fyrir veðri, vætu og vindum með **torfi**, sem breitt var yfir þá. Þetta er mín uppifun af heyhrúgum bernsku minnar á Suðausturlandi."



Baugur og hjörðin sín, f.v. m.a.: Gústa, Friða, Ingvi, Sproti, Elsa, Fjóla, Grámóri, Jökla.





Annar heimahrafninn



Baugur alltaf hress
(fæddur 1. nóv. 2012!)

Nóvember

[1] Hrútadagur

Gormánuður

Sun	***1***	H.[1] ☾
Mán	2	45.
Þri	3	
Mið	4	
Fim	5	
Fös	6	
Lau	***7***	*3.*
Sun	***8***	***Feðrad.***
Mán	9	46. ●
Þri	10	
Mið	11	
Fim	12	
Fös	13	
Lau	***14***	*4.*
Sun	***15***	
Mán	16	47. Dagur Íslenskrar tungu
Þri	17	☽
Mið	18	
Fim	19	
Fös	20	
Lau	***21***	*5.*
Sun	***22***	
Mán	23	48.
Þri	24	○
Mið	25	
Fim	26	
Fös	27	
Lau	***28***	*6.*
Sun	***29***	
Mán	30	49.

Ýlir

Hvammshlíð – fyrirrennarar mínir fyrir löngu, löngu síðan ...



Áður en ég flutti í Hvammshlíð, hafði jörðin verið í eyði síðan 1888 eða í 127 ár. Það er til ábúendatal upp úr 1699 – góður grunnur til að grúska! Ég birti hér nokkur upplýsingabrot um tvo fyrirrennara mína, Önnu Eiríksdóttur og Bjarna Pálmason. Þau voru næstsíðustu ábúendur áður en jörðin fór í eyði og ég tók við. Gamli bæjarhóllinn sést í miðri mynd; niðri við ána (sem rann líklega aðeins vestar þá, gamli farvegurinn sést einnig á myndinni) eru stekkir greinanlegir. Hinar rústirnar (samtals eru 15 skráðar) eru ekki eins áberandi hér. Á myndinni vantar torfhúsin og örugglega er dalurinn talsvert grænni en á milli 1883 og 1887 sem voru einstaklega köld ár, en burtséð frá því hefur ekkert breyst síðan! Gaman væri að hoppa aftur í tímann og kíkja í kaffi og spjall hjá Bjarna og Önnu, sem voru mjög gestrisin ...

Svo má ekki gleyma Medoníu Guðmundsdóttur og Birni Guðmundssyni (d. 1870) sem bjuggu í Hvammshlíð 1865–66. Medonía er sjaldgæft nafn og svo var auðvelt að finna talsvert mikið um hana. Ég skrifaði um hana líka á Facebook, en grúskaði núna meira, aðallega á manntal.is.

Hún fæddist 1823 og var fyrst skrifuð Guðrúnardóttir; hún er allavega þannig skráð 1835, þá var hún "sveitarlimur" á Illugastöðum á Vatnsnesi (húsbóndi Guðmundur Ketilsson – óþarfi að segja meira um þennan stað á einmitt þessum árum). 1840 var hún vinnukona á Ásbjarnarstöðum, ekki langt frá – Rósa, systir Auðbjargar Jóelsdóttur húsfreyju á Illugastöðum, var núna húsfreyja þar á bæ (þótt á hinu heimilinu væri, þetta er tvíbýli). Á Stöpum, næsta bæ við Illugastaði, var hún vinnukona 1845.

Hún eignaðist son, Raguel, með Jóhanni Guðmundssyni um 1850; þau Jóhann voru vinnufólk í Bakkakoti í Víðidal 1855, Raguel var með þeim. 1860 voru Medonía ("sjálfrar sín") og Raguel á Sveinsstöðum í Þingi (þar sem "nútíma-T137" fannst í fyrsta sinn 161 ári seinna!). Stuttu eftir það giftist hún Birni Guðmundssyni og þau bjuggu í eitt ár í Hvammshlíð. Guðmundur og Ólafur synir þeirra fæddust.

Björn drukknaði á Húnaflóa 17.3.1870, þannig að í næsta manntali 1870 er Medonía skráð ekkja og "lifir af sveitarsjóði" á Ósi á Skagaströnd ásamt Guðmundi og Ólafi; Raguel var vinnumaður á sama bæ. 1880 var hún ráðskona Jóns Guðmundssonar á Saurum í sömu sökn. Guðmundur giftist og var bóndi á Höllustöðum í Blöndudal 1890; Medonía var hjá honum og Ólafur var vinnumaður þar á bæ. 1899–1900 var Guðmundur á Skeggsstöðum í Svartárdal og hún með honum. Hann reisti 1903 bú á Brandsstöðum í Blöndudal; en viti menn: Hún fór til Vesturheims fyrir manntalið 1901 þrátt fyrir háan aldur og dó þar háöldruð 31. júlí 1913.

Hún var tengdamóðir Sigríðar Jónsdóttur, seinni konu Jóns Sigurðssonar í Gilhaga í Skagafirði (Sigríður og Ólafur, sonur Medoníu, eignuðust son áður en hún giftist Jóni; þessi sonur, Jón Ingimar, varð bóndi á Höllustöðum og Eiðsstöðum).

Ekki nóg með það, á heimasíðunni hlidhreppingar.is fann ég ljósmynd af henni sem er alls ekki sjálfgefið á þeim tíma. Greinilega var hún tekin í Vesturheimi. Ljósmynd af konu, fæddri fyrir 202 árum, sem bjó í Hvammshlíð fyrir 160 árum ...



Einige meiner Vorgänger ...

Ab 1699 sind die Bauern auf meinem Land – das heißt, meine Vorgänger – namentlich bekannt. Da viele Archivdaten öffentlich zugänglich sind, stöbere ich immer wieder einmal nach Einzelheiten über diese Menschen. Der alte Hofstandort lag näher am Fluss und tiefer im Tal und die Ruinen von mindestens 15 Bauten sind erkennbar. Mit "Ruinen" sind meist die Reste der aus Grassoden und losen Steinen gebauten Wände gemeint – der Kenner identifiziert oft schon von weitem, wo sich Gebäude befanden, besonders im Frühjahr: Dort wird das Gras zuerst grün, denn dort sind mehr Nährstoffe als in der Umgebung – auch viele Jahrzehnte oder sogar Jahrhunderte, nachdem das Gebäude aufgegeben wurde.

Hinter den Ruinen stehen Menschen mit ihrer individuellen Geschichte. Viel lässt sich zwischen den Zeilen der Archivdaten lesen. Ich fasse hier kurz zwei Beispiele zusammen.

***Medonía Guðmundsdóttir und Björn Guðmundsson** (dass ihrer beider Väter Guðmundur hießen, ist Zufall, sie waren keine Geschwister, sondern ein Ehepaar) wohnten hier 1865 bis 1866. Bis zum Ende des 19. Jahrhunderts pachteten die Bauern meist ihr Land, anstatt es selbst zu besitzen, so dass häufige Wechsel an der Tagesordnung waren. Björn ertrank 1870 auf See, aber Medonía (geboren 1823) wanderte mit knapp 80 Jahren nach Kanada aus und starb erst 1913.*

***Anna Eiríksdóttir und Bjarni Pálmason** lebten 20 Jahre später hier, von 1883 bis 1887. Sie hatten sich auf Kimbastaðir im Skagafjörður kennengelernt. Vermutlich wären sie länger geblieben, aber das Klima war zwischen 1880 und 1890 ungewöhnlich kalt, speziell der Frühling 1887 war sehr hart und viele Bauern verloren Tiere wegen Heumangels. Damals wanderten etliche von ihnen nach Kanada aus (wie auch die Verwandten von Medonía, denen sie um 1900 folgte) – Bjarni und Anna schlossen sich an. Sie wurden Bauern auf eigenem Land und lebten dort über 40 Jahre, sie starben 1932 und 1939 (geboren 1854 und 1853).*



Medonía á unga nöfnu! Mamma hennar (undan Sóleyju og Þór Teitssyni frá Sveinsstöðum) fæddist mér 2024 og flutti sama haust í Skagafjörðinn, nánar tiltekið í Grófargil til Ólafs Atla og Helgu, þar sem hún var látin heita í höfuðið á mér. Óli las þá færsluna mína um Medoníu á Facebook og þótti tilvalið að skíra dótturina hennar "Hvammshlíðarnafni" líka. Hér er Medonía Karólínu- og Svartapétursdóttir (t.h.) með mömmu sinni (mynd: Óli). Ólíkt nöfnu sinni úr fortíðinni er hún afar stór miðað við ungan aldur – hún er ekki nema 5 mánaða á myndinni! (Erfitt að trúa því, en Medonía gekk undir tvílembingur, bróðir hennar var enn stærri og móðirin auðvitað ekki nema gemlingur!)

Anna Eiríksdóttir (1853–1939) og Bjarni Pálmason (1854–1932) bjuggu 1883–87 í Hvammshlíð, fóru þaðan á Sauðárkrók og stuttu síðar til Vesturheims, þar sem þau bjuggu í meira en 40 ár á bænum sínum Víðirás í Víðinesbyggðinni í Kanada.

Skemmtileg "tilviljun": Anna var frá Miklabæ í Óslandshlíð eins og Sigurlaug Ólafsdóttir, f. 1938, ein besta vinkona mín. Foreldrar Önnu bjuggu í Kúskerpi (sem er einnig tengt Sigurlaugu), á Miklabæ í Blönduhlíð og á Vöglum áður. Móðir Önnu var Þórunn Bergsdóttir Bergssonar og Guðrúnar Oddsdóttur, sem bjuggu allan sinn búskap á Stóra-Rauðalæk í Hörgárdal. Hjálmur föðurafi hennar var bóndi á Hömrum í Fremribyggð í Skagafirði (bærinn heitir Hamarshlíð í dag). Anna var bókhneigð og hafði sérstakt minni, hún kunni utan bókar "feykn af íslenzkum ljóðum og sögum" (G.J. Oleson).

Bjarni fæddist á Skálahnjúk í Sauðárhreppi í Skagafirði – ekki mjög langt frá Hvammshlíð, inn í Skálahnjúksdal. Bærinn fór í eyði 1903 (en skyrið í rústum búrsins var enn ætt 40 árum seinna, þótt mjög súrt væri – samkvæmt frásögn í Byggðasögu Skagafjarðar, 1. bindi).

Foreldrar hans voru Pálmi Guðmundsson (1809–1894) – "talinn harðbýll og óvæginn við alla aðra en sjálfan sig" samkvæmt Skagfirskum æviskrám – og Sigríður Ólafsdóttir (f. um 1827), sem var vinnukona á Skálahnjúk. Kona Pálma var Herdís Jónsdóttir frá Veðramóti (1817–1892). Systkini hans samfeðra voru Sölvi, Jakob, María og Jón.

Pálmi og Herdís bjuggu bara 1853–54 á Skálahnjúk. 1855 var Bjarni tökubarn á Hrafnagili í Laxárdal, líklega hjá vandalausum, Pálmi hins vegar giftur lausamaður í Gili, "lifir fjárrægt" (manntal), Herdís líklega vinnukona á Sjávarborg rétt handan við hornið (Byggðasaga). 1860 voru Pálmi og Herdís komin á Veðramót, sem var tvíbýli – Herdís sem vinnukona og Pálmi sem "húsmaður, lifir á kvikfjárr.", ásamt Sölva, Jóni og Jakob, en Bjarni dvaldi á þeim tíma með móður sinni á Ingveldarstöðum á Reykjaströnd, sem var vinnukona þar.

1864 fluttist Bjarni með föður sínum og Herdísi að Mosfelli í Gönguskörðum, 1870 fór öll fjölskyldan nema Sölvi á Hafsteinsstaði þar sem Pálmi og Herdís bjuggu í eitt ár, þá fóru þau á Bessastaði í Sæmundarhlíð og voru þar þangað til þau skildu; 1879 tók Jón sonur þeirra við. Bjarni var hins vegar 1880 vinnumaður á Kimbastöðum sem reyndist örlagarík dvöl fyrir hann.

Húsbændur hans voru Þorkell Eiríksson og Ingiríður M. Jónsdóttir. Þórunn, móðir Þorkels, var einnig búsett þar, og líka Anna, systir hans – einmitt Anna Eiríksdóttir sem ég nefndi í upphafi!

Þorkell og Ingiríður fóru 1881 á Neðstabæ í Norðurárdal. Sama ár giftist Bjarni Önnu og tveimur árum seinna voru þau orðin sveitungar þeirra Þorkels og Ingiríðar eftir að þau fluttu í Hvammshlíð, "efsta bæ í Norðurárdal". Bæði hjónin fóru svo til Ameríku 1887. (Alltaf jafn heillandi að uppgötva skref fyrir skref, hvernig þetta tengist allt!)

Börn þeirra Bjarna og Önnu urðu sex, en eitt þeirra dó á unga aldri; Þórey, Guðrún, Jón, Þorkell og Vilhjálmur komust á legg og bjuggu alla ævi í Ameríku.



Dýrmæta heyið …



Kappi og Ljúfur:
"Jibbí, loksins út!!"



Hér verða óvart til tveir hvítir hrútar með T137 (sjá líka kápuna), sem fluttu haustið eftir í Djúpadal! (Sjafnar [sauður], Fífa Teitsdóttir, Jónatan [nýgeltur ...])



Gutti Selason
(mógolsubotnóttur)

Desember

Ýlir

Þri 1 F.[1] ☾
Mið 2
Fim 3
Fös 4
Lau 5 7.
Sun 6
Mán 7 50.
Þri 8
Mið 9 ●
Fim 10
Fös 11
Lau 12 8. Stekkjastaur
Sun 13 Gilgjagaur
Mán 14 51. Stúfur
Þri 15 Þvörusleikir
Mið 16 Pottasleikir
Fim 17 Askasleikir ☽
Fös 18 Hurðaskellir
Lau 19 9. Skyrgámur
Sun 20 Bjúgnakrækir
Mán 21 52. Gluggagægir
Þri 22 Gáttaþefur
Mið 23 Þorláksmessa*

Mörsugur

Fim 24 Aðfangadagur[K] ○
Fös 25 Jóladagur
Lau 26 10. Annar í jólum
Sun 27
Mán 28 53.
Þri 29
Mið 30 ☾
Fim 31 Gamlársdagur

[1] Fullveldisdagurinn
*Ketkrókur [K] Kertasníkir

Ein blaðsíða enn!
Noch eine Seite!



Húsatóftir/Skeiðum talsvert fyrir 1989 (úr safni Þorsteins Jónssonar)



Gróustaðakindurnar leggja í daglega göngutúrinn
Mynd: Bergsveinn Reynisson

Þessar náðu ekki inn í dagatalið
Für diese war leider kein Platz mehr

Ég vissi bara að þessi áhugaverða mynd hafi verið tekin í Dýrafirði. Því spurði ég Bjarna Guðmundsson ... Stuttu seinna kom svarið: "Með hjálp langfrænda míns úr Dýrafirði, Lárusar Hagalínssonar, höldum við að skipið í forgrunni sé skip franskra landkönnuða sem heimsóttu Berg forstjóra Hvalstöðvarinnar í Framnesi, gegnt Þingeyri. Myndin gæti hafa verið tekin kringum mánaðamótin júlí-ágúst og þá sennilega um 1900." Auðvitað! Eins og skipið hefði komið í fyrrasumar ...
Mynd: Frederick Howell





Svalir töffarar: Dreki og Hans á Grjótá (2010)
Mynd/*Foto*: Ásta Þorbjörnsdóttir



Hér er öll myndin! Við hundarnir og Amy (sem er ein besta vinnukona sem hægt er að hugsa sér – þvílíkur dugnaðarforkur!)

Pantanir: lina@ridaneitakk.net *Impressum: Verlag Alpha Uni, Richard-Wagner-Str. 18, D-50674 Köln, www.verlage-alpha-uni.de, Tel. 0035+865 8107 – Das Werk ist einschließlich aller seiner Teile urheberrechtlich geschützt. Jede Verwertung außerhalb der engen Grenzen des Urheberrechtsgesetzes ist ohne schriftliche Zustimmung des Verlags unzulässig und strafbar. 1. Auflage 2025*